



## Flokksping framsóknarmanna

*Drög að ályktunum fyrir  
29. flokksping framsóknarmanna  
haldið 2.-3. mars 2007*

Mars 2007

<b>HÓPUR 1: STJÓRNARRÁÐIÐ, DÓMSMÁL, INNFLYTJENDAMÁL OG SVEITARSTJÓRNARMÁL</b>	4
Drög að ályktun um Stjórnarráðið	4
Drög að ályktun um aðskilnað löggjafar- og framkvæmdavalds	4
Drög að ályktun um nýja kosningalöggjöf	4
Drög að ályktun um sveitarstjórnarmál	5
Drög að ályktun um þjóðlendar	5
Drög að ályktun um trúmál	6
Drög að ályktun um íslenskt réttarkerfi	6
Drög að ályktun um lögreglumál	7
Drög að ályktun um málefni innflytjenda	7
<b>HÓPUR 2: ATVINNU-, MENNTA- OG BYGGÐAMÁL</b>	9
Drög að ályktun um samgöngumál	9
Drög að ályktun um fjarskiptamál	9
Drög að ályktun um byggðamál	10
Drög að ályktun um menntakerfið	10
Drög að ályktun um leikskólastigið	11
Drög að ályktun um grunnskólastigið	11
Drög að ályktun um framhaldsskólastigið	12
Drög að ályktun um háskólaskólastigið	13
Drög að ályktun um Lánasjóð íslenskra námsmanna	13
Drög að ályktun um fjármögnun háskólastigsins	13
Drög að ályktun um símenntun	14
Drög að ályktun um menningarmál	15
Drög að ályktun um safnamál	15
Drög að ályktun um íprótta-, tómstunda- og æskulýðsmál	16
Drög að ályktun um nýsköpun	16
Drög að ályktun um auðlindir Íslands	17
Drög að ályktun um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð	18
Drög að ályktun um samkeppnis- og neytendamál	18
Drög að ályktun um landbúnaðarmál	19
Drög að ályktun um sjávarútveg	20
Drög að ályktun um skattamál einstaklinga	21
<b>HÓPUR 3: FÉLAGS- OG HEILBRIGÐISMÁL</b>	22
Drög að ályktun um málefni barna og unglinga	22
Drög að ályktun um barnaverndarmál	22
Drög að ályktun um almannna- og sjúkratryggingamál	23
Drög að ályktun um lífeyri, bætur og lágmarksframfærslu	24

Drög að ályktun um málefni fatlaðra	24
Drög að ályktun um jafnréttismál	25
Drög að ályktun um forvarnir	26
Drög að ályktun um húsnæðismál	26
Drög að ályktun um heilbrigðisstofnanir	27
Drög að ályktun um öldrunarmál	27
Drög að ályktun um lýðheilsu	28
Drög að ályktun um geðheilbrigði	29
Drög að ályktun um heilbrigðisþjónustu til sveitafélaga	29
<b>HÓPUR 4: UTANRÍKIS- OG UMHVERFISMÁL</b>	<b>31</b>
Drög að ályktun um loftslagsmál	31
Drög að ályktun um mengun hafsins	31
Drög að ályktun um náttúruvernd	32
Drög að ályktun um refa- og minkaveiði	32
Drög að ályktun um skipulagsmál	33
Drög að ályktun um endurnýtingu og endurvinnslu	33
Drög að ályktun um ferðaþjónustu	33
Drög að ályktun um utanríkismál	34
Drög að ályktun um Evrópumál	35
Drög að ályktun um öryggis- og varnarmál	35
Drög að ályktun um stuðning Íslands við innrásina í Írak	36
Drög að ályktun um þróunarmál	36
Drög að ályktun um friðargæslu	37

1 Hópur 1: Stjórnarráðið, dómsmál, innflytjendamál og sveitarstjórnarmál

## 2 Drög að ályktun um Stjórnarráðið

3 Markmið

4 Framsóknarflokkurinn vill skýrari verkaskiptingu í Stjórnarráðinu. Verkaskipting  
5 ráðuneyta skal taka tillit til samfélags- og atvinnuhátta og áherslna ríkisstjórnar á  
6 hverjum tíma.

7 Leiðir

- 8 • Að farið verði eftir tillögum nefndar Framsóknarflokksins um skipan  
9 Stjórnarráðsins sem lagðar eru fram til kynningar á 29. flokksþinginu.
- 10 • Að leitast verði við að ráðuneyti í næstu ríkisstjórn sem  
11 Framsóknarflokkurinn á aðild að verði ekki fleiri en 10.
- 12 • Að flokksfélögum séu kynntar þær hugmyndir sem liggja að baki tillögum  
13 hópsins.

14 Fyrstu skref

15 Strax í næstu stjórnarmyndun Framsóknarflokksins verði lögð rík áhersla á nýtt  
16 fyrirkomulag og að hugsanlegum samstarfsflokki eða flokkum verði kynnt tillagan.

## 17 Drög að ályktun um aðskilnað löggjafar- og framkvæmdavalds

18 Markmið

19 Skerpa skilin á milli framkvæmda- og löggjafarvalds í samræmi við  
20 grundvallarregluna um þrígreiðingu ríkisvaldsins.

21 Leiðir

- 22 • Að ráðherrar gegni ekki jafnframt þingmennsku.
- 23 • Greiða fyrir því að þingmenn sem gegna ráðherraembætti geti tekið aftur  
24 sæti sem þingmenn á kjörtímabilinu.
- 25 • Að leitað verði í meira mæli út fyrir þingflokka þegar kemur að vali  
26 ráðherraefna.

27 Fyrstu skref

28 Stefnt skal að því að þessi breyting verði gerð á næsta kjörtímabili.

## 29 Drög að ályktun um nýja kosningalöggjöf

30 Markmið

31 Að tryggja við kosningar til Alþingis persónukjör og vægi kjósenda við röðun á  
32 lista og fjölga kjördæmum til að skapa meiri nálægð milli kjörinna fulltrúa og  
33 kjósenda.

34 Leiðir

- 35 • Hluti þingmanna verði kjörinn af landslista og hluti þeirra í kjördæmum.
- 36 • Kjósendur raða fulltrúum á landslista og kjósa síðan flokk í því kjördæmi þar  
37 sem þeir hafa búsetu.
- 38 • Landslisti verði notaður til að velja uppbótarþingmenn til að tryggja að  
39 samræmi sé milli kjörfylgis og fulltrúa á þingi.

- 1 • Sami einstaklingur getur setið á kjördæmalista og landslista og kemur  
2 þannig til álykta sem uppbótarmaður nái hann ekki kjöri í viðkomandi  
3 kjördæmi.  
4 • Kjördæmum verður fjölgað í til að mynda 11 kjördæmi þar sem 3 eru í kjöri  
5 í hverju kjördæmi. Kjördæmamörk breytist í samræmi við breytingar á  
6 búsetu og tryggt verði að 1 maður þýðir 1 atkvæði.  
7 • Sett verði krafa um lágmarksfylgi á landsvísu til að flokkur, sem ekki kemur  
8 að kjördæmakjörunum þingmanni, komi til álykta við úthlutun  
9 uppbótarþingsæta.

10 Fyrstu skref

11 Framsóknarflokkurinn beiti sér fyrir því við stjórnarmyndun að nýr meirihluti á  
12 Alþingi setji af stað vinnu við að breyta kosningalögunum sem hafi þessi markmið  
13 að leiðarljósi.

## 14 Drög að ályktun um sveitarstjórnarmál

15 Markmið

16 Sveitarstjórnarstigið á að vera sterkt og veita íbúum sínum fjölbreytta og öfluga  
17 nærþjónustu og stuðla að heilbrigðu samfélagi.

18 Leiðir

- 19 • Leitast skal við að sameina og stækka sveitarfélög enn frekar.  
20 • Að tekjuskipting á milli ríkis og sveitarfélaga verði endurskoðuð með  
21 hliðsjón af auknum tilflutningi verkefna til sveitarfélaganna, til dæmis með  
22 því að hluti fjármagnstekjuskatts renni til sveitarfélaga.  
23 • Að ríki og sveitarfélög reki sameiginlega launastefnu.  
24 • Að unnið verði kostnaðarmat allra laga, reglugerða og  
25 stjórnvaldsákvarðana er hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga.  
26 • Að jafna fjárhagslegan aðstöðumun milli sveitarfélaga með því að styrkja  
27 Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sérstaklega til þessa verkefnis, þó þannig að  
28 hvati til sameiningar verði enn til staðar.

29 Fyrstu skref

30 Að heilsugæslan, málefni aldraðra, fatlaðra og framhaldsskóla verði flutt til  
31 sveitarfélaganna.

## 32 Drög að ályktun um þjóðlendur

33 Markmið

34 Flokksþingið fagnar stofnun landssamtaka jarðeigenda og telur mikilvægt að  
35 ríkisstjórnin eigi samstarf við samtökin um vinnubrögð og málsmeðferð. Í þessi  
36 erfiðu mál var ekki farið til að vinna land af jarðareigendum, heldur til að skýra  
37 rétt jarðeigenda og almennings. Það er markmið þessarar vinnu að tryggja  
38 eignamörk jarða þannig að hvergi leiki vafi á. Framkvæmd laganna skal einungis  
39 vera í þeim anda sem að baki þeim býr, að skýra eignarétt á óbyggðum Íslands.

1 Leiðir

- 2 • Í stað kröfugerðar hefji fjármálaráðherra mál með beiðni um rannsókn  
3 réttinda til óbyggðarnefndar. Síðan verði gefinn kostur á samningum áður  
4 en kröfur eru lagðar fram.  
5 • Kröfum verði ekki þinglýst með þeim hætti sem skerðir eignaréttindi manna  
6 meðan mál standa yfir.  
7 • Fjármálaráðuneytið áfrýi ekki málum sem dómafordæmi eru um.

8 Fyrstu skref

9 Að verklagi verði breytt í samræmi við ofangreindar leiðir á þeim svæðum sem  
10 ekki er búið að taka fyrir. Málsmeðferð núverandi krafna verði hraðað og eytt  
11 verði óvissu um eignarhald þeirra jarða sem gerðar hafa verið kröfur í.

12 **Drög að ályktun um trúmál**

13 Markmið

14 Framsóknarflokkurinn telur mikilvægt að þjóðin þekki rætur sínar, menningararf  
15 og þau siðrænu gildi sem hún hefur byggt samfélag sitt á um aldir.  
16 Þessi siðrænu gildi eru að miklu leyti sprottin úr kristnum jarðvegi, enda hefur kristin  
17 kirkja haft mótandi áhrif á menningu þjóðarinnar undanfarin þúsund ár.  
18 Framsóknarflokkurinn styður áframhaldandi öflugt starf þjóðkirkjunnar og annarra  
19 trúfélaga. Flokkurinn ítrekar jafnframt mikilvægi trúfrelsis og fjölmennings á Íslandi  
20 og vill stuðla að vettvangi samráðs og samvinnu trúarbragða.

21 **Drög að ályktun um íslenskt réttarkerfi**

22 Markmið

23 Íslenskt réttarkerfi á að vera undirstaða íslensks þjóðfélags. Dómsvaldið er einn  
24 þriggja þátta ríkisvaldsins og einn af mikilvægustu hornsteinum lýðveldisins. Í  
25 lýðræðislegu þjóðfélagi er einfalt, skilvirkt réttarkerfi forsenda réttlætis. Einfalda  
26 þarf núverandi kerfi þannig að ágreiningsmál sem koma til kasta dómstóla gangi  
27 hratt og örugglega fyrir sig.  
28 Skýrar og ótvíræðar reglur um stjórnábyrgð ríkisins eru nauðsynlegar til þess að  
29 tryggja réttaröryggi borgaranna.

30 Leiðir

- 31 • Stefna skal að því að fækka úrskurðarnefndum og samræma  
32 málsmeðferðarreglur þeirra. Þá skal ríkið í öllum tilvikum greiða þeim sem  
33 brotið hefur verið gegn á stjórnábyrgðustigi, og fer með mál sitt fyrir nefndirnar,  
34 þann kostnað sem viðkomandi hefur haft af rekstri málsins.  
35 • Stefna skal að því að fjölga dómstigum úr tveimur í þrjú. Skulu umfangslítill  
36 og einföld mál byrja á neðsta dómstigi, með einum dómara. Þeim málum  
37 sem byrja á neðsta dómstigi verði einungis hægt að áfrýja upp á annað  
38 dómstig sem þá yrði að meginstefnu með þrjá dómara. Umfangsmikil og  
39 flókin mál skulu hefjast á öðru dómstigi og verði hægt að áfrýja þeim  
40 málum á þriðja stig með fimm manna dómi. Á öllum dómstigum verði skýr  
41 heimild dómara til að kalla fyrir vitni til að meta sönnunargildi framburðar  
42 þeirra.

- 1 • Með fækkun úrskurðarnefnda á stjórnáslustigi ætti að myndast  
2 fjárhagslegt rými til breytinga á dómkerfinu. Sú einföldun sem ætti sér stað  
3 yrði líka stórt skref í viðhaldi og framþróunar réttláts og skilvirks réttarkerfis á  
4 Íslandi.

5 Fyrstu skref

6 Þeim sem kæra stjórnáslubrot fái bættan þann kostnað sem þeir hafa orðið fyrir  
7 við rekstur máls síns. Í framhaldi af því skal stefnt að því að koma á fót milli  
8 dómstigi en þó þannig að störf dómstóla raskist sem allra minnst.

## 9 Drög að ályktun um lögreglumál

10 Markmið

11 Líf og heilsa er það mikilvægasta sem hver einstaklingur á. Lögreglan gegnir því  
12 mikilvæga hlutverki að vernda þessi grundvallarmannréttindi okkar. Verkefnið er  
13 óþrjótandi en mikilvægt er að lögreglunni séu sköpuð þau starfskilyrði að hún geti  
14 sinnt þeim fjölmörgu verkefnum sem að henni snúa.

15 Leiðir

- 16 • Forvarnarstarf er eitt mikilvægasta vopnið í baráttunni við vímuefnanotkun  
17 og afbrotahneigð barna og unglinga. Lögreglan er best fallin til að útskýra  
18 þær miklu og afdrifaríku afleiðingar sem þessir þættir geta haft á líf og  
19 heilsu ungmenna.
- 20 • Stefna skal að því að auka fjármagn og mannafla lögreglu þannig að hún  
21 hafi svigrúm til að sinna forvarnarstarfi og jákvæðum samskiptum við  
22 almenning.
- 23 • Stefnt skal að því að aðbúnaður lögreglu verði alltaf eins og best verður á  
24 kosið og henni séu búin starfsskilyrði til að sinna þeim flóknu og margvíslegu  
25 verkefnum sem að henni snúa.
- 26 • Lögð verði áhersla á aukna grenndargæslu og að löggæslan verði  
27 sýnileg.

28 Fyrstu skref

29 Mikilvægt er að hefjast strax handa við að skapa lögreglunni betri starfsskilyrði um  
30 allt land. Stefnt skal markvisst að því að lögreglan sé sýnilegri í grunnskólum  
31 landsins, bæði til eflingar forvarnarstarfs og kynningar á störfum lögreglunnar.

## 32 Drög að ályktun um málefni innflytjenda

33 Markmið

34 Allir íbúar landsins, óháð uppruna, litarhætti eða trúarbrögðum, eiga að njóta  
35 jafnra tækifæra til að verða virkir þátttakendur í samfélaginu með þeim  
36 réttindum og skyldum sem því fylgir. Innflytjendur eiga að geta aðlagast íslensku  
37 samfélagi og nýta hæfileika sína til fullrar þátttöku í síbreytilegu samfélagi sem er í  
38 stöðugri þróun. Kunnátta í íslensku er lykillinn að samfélaginu, en áherslu á íslensku  
39 má þó ekki nota sem tyllíastæðu til þess að skerða réttindi.

40 Íslendingar eiga að sýna ábyrgð í samfélagi þjóðanna og halda áfram að leggja  
41 sitt af mörkum við að bjarga flóttafólki frá hörmulegum aðstæðum í samræmi við  
42 alþjóðasáttmála. Við meðhöndlun málefna hælisleitenda ber ætíð að hafa

1 hagsmuni barna að leiðarljósi og tryggja þarf rétt barna hælisleitenda til  
2 skólagöngu.

3 Leiðir

- 4 • Innleiða þarf 12. grein viðauka Mannréttindasáttmála Sameinuðu  
5 þjóðanna um bann við mismunun í íslensk lög. Bæta þarf lögjöfina svo  
6 hún verði augljósari og skýri réttindi og skyldur borgaranna betur, sem og  
7 verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.
- 8 • Auka þarf skilning á þeim þjóðfélagslegu breytingum sem eiga sér stað hér  
9 á landi með fræðslu.
- 10 • Stóraukin áhersla verði lögð á íslenskukennslu fyrir innflytjendur þeim að  
11 kostnaðarlausu auk þess sem aukið verði framboð á fræðsluefni fyrir  
12 innflytjendur um réttindi þeirra og skyldur og fræðslu um íslenskt samfélag  
13 og menningu.
- 14 • Tryggja þarf þjónustu við innflytjendur um allt land. Komið verði á fót  
15 miðstöð innflytjenda með aðkomu helstu þjónustustofnana og rekstur  
16 sjálfstæðra stofnana eins og Fjölmeningarseturs, Alþjóðahúss og  
17 Alþjóðastofu á Akureyri verði tryggður.
- 18 • Réttindi innflytjenda til túlkþjónustu verði skýrð og aukin.
- 19 • Koma útgáfu atvinnu- og dvalarleyfa á einn stað. Atvinnuleyfi verði fremur  
20 gefið út til einstaklinga en atvinnurekenda enda hafi viðkomandi tryggt sér  
21 atvinnu.
- 22 • Sérstök áhersla verði lögð á að styrkja stöðu kvenna af erlendum uppruna,  
23 t.d. þegar skilnaður verður vegna heimilisofbeldis.
- 24 • Leitað verði leiða til að sporna við brottfalli nemenda af erlendum  
25 uppruna úr framhaldsskólum. Leggja ber sérstaka áherslu á aukinn  
26 stuðning við innflytjendur á aldrinum 14 til 18 ára.

27 Fyrstu skref

28 Í framhaldi af stefnu ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda að íslensku  
29 samfélagi riður á að gera framkvæmdaáætlun á grundvelli hennar.



1 Hópur 2: Atvinnu-, mennta- og byggðamál

2 Drög að ályktun um samgöngumál

3 Markmið

4 Að auka jafnræði íbúa og jákvæða búsetuþróun um land allt, jafna  
5 samkeppnisstöðu fyrirtækja í landinu, minnka slyshættu á vegum og bæta  
6 samgöngur milli byggðakjarna og sveitarfélaga.

7 Leiðir

- 8 • Að ferðakostnaður íbúa eyjasamfélaga við Ísland verði sambærilegur við  
9 ferðalög á þjóðvegum.
- 10 • Vinna stöðugt að endurskoðun samgönguáætlunar.
- 11 • Að gerð verði sérstök jarðgangaáætlun sem ekki hafi áhrif á  
12 samgönguáætlun.
- 13 • Í jarðgangaáætlun verði gert er ráð fyrir að unnið sé að jarðgangagerð á  
14 2 til 3 stöðum í einu, ár eftir ár í einn til tvo áratugi.
- 15 • Farið verði í sérstakt átak til að efla umferðaröryggi og að eyða svörtum  
16 blettum í vegakerfi landsins samkvæmt skýrslu frá 1998.

17 Fyrstu skref

18 Að samþykkja samgönguáætlun og framfylgja henni. Að lækka kostnað á  
19 ferjum fyrir íbúa eyjasamfélaga. Að hefja þegar gerð jarðgangaáætlunar með  
20 það að markmiði að tengja saman byggðakjarna og auka umferðaröryggi.

21 Drög að ályktun um fjarskiptamál

22 Markmið

23 Að auka jafnræði íbúa og jákvæða búsetuþróun um land allt, jafna  
24 samkeppnisstöðu fyrirtækja í landinu og tryggja aðgengi fólks að fjarskiptaneti.

25 Leiðir

- 26 • Að á næstu tveimur árum verði farsímasamband komið á helstu vegum  
27 og ferðamannaleiðum landsins.
- 28 • Að allir landsmenn hafi aðgang að háhraðatengingum innan tveggja ára  
29 á sama verði.
- 30 • Að nýr sæstrengur verði lagður milli Íslands og Evrópu og Íslands og  
31 Ameríku.
- 32 • Að eftirlit með verðlagningu fjarskiptafyrirtækja verði aukið.

33 Fyrstu skref

34 Að koma á samningi fyrirtækja og ríkisvalds um lagningu nýs sæstrengs.  
35 Að fela Póst- og fjarskiptastofnun úttekt á verðlagningu fjarskiptafyrirtækja.

## 1 Drög að ályktun um byggðamál

### 2 Markmið

3 Að tryggja að vöxtur og uppbygging nái til landsins alls og að fólk og fyrirtæki  
4 geti vaxið og dafnað og fundið sér verkefni við hæfi í heimabyggð. Sérstaklega  
5 skal hugað að svæðum þar sem hagvöxtur er enginn og fólksfækkun viðvarandi,

### 6 Leiðir

- 7 • Rekin verði kröftug nýsköpun og atvinnuþróun um allt land, m.a. til að  
8 treysta þróun atvinnulífs og búsetuskilyrða á landsbyggðinni. Höfuðstöðvar  
9 Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verði á Sauðárkróki.
- 10 • Að stuðla að frekari uppbyggingu háskólanáms á landsbyggðinni þannig  
11 að fólk fái fleiri tækifæri til að stunda háskólanám í sinni heimabyggð.
- 12 • Að efla enn frekar þekkingar- og frumkvöðlasetur á landsbyggðinni.
- 13 • Fyrirtæki sem fjárfesta, eða fjölga störfum á skilgreindum svæðum á  
14 landsbyggðinni fái allt að fimmtungs lækkun á tekjuskatti.
- 15 • Gerðar verði auknar kröfur til ráðuneyta og stofnana ríkisins um að  
16 framfylgja markmiðum byggðaáætlunar frá 2006 um fjölgun starfa á  
17 landsbyggðinni.
- 18 • Stórauka framlög til vaxtarsamninga á landsbyggðinni.
- 19 • Að lækka virðisaukaskatt af vöruflutningum úr 24,5% í 7%.
- 20 • Að auðlindagjald af sjávarútvegi renni til þeirra byggðarlaga sem hafa  
21 farið halloka í umbreytingum í sjávarútvegi á undanförunum árum.
- 22 • Farið verði í stóráttak í þrífösun rafmagns.
- 23 • Gert verði áttak í að kynna notendum kosti og tækifæri sem felast í nýjum  
24 raforkumarkaði, t.d. með stofnun samvinnufélaga orkukaupenda.

### 25 Fyrstu skref

26 Samþykkt verði fyrirbyggjandi frumvarp til laga um Nýsköpunarmiðstöð Íslands.  
27 Framlög á fjárlögum, til ráðuneyta og stofnana, verði bundin því skilyrði að fylgt  
28 sé samþykktri byggðaáætlun um fjölgun starfa á landsbyggðinni. Í tengslum við  
29 stofnun auðlindasjóðs verði tryggt að hluti þess fjármagns sem sjóðurinn hefur til  
30 umráða renni til nýsköpunar á þeim svæðum sem farið hafa halloka í  
31 byggðaðróun undanfarinna ára.

## 32 Drög að ályktun um menntakerfið

### 33 Markmið

34 Ísland er land tækifæranna. Aukið menntunarstig þjóðarinnar gerir okkur kleift að  
35 nýta þessi tækifæri. Námsumhverfi á Íslandi á að vera fjölbreytt og  
36 eftirsóknarvert. Það á að tryggja öllum þegnum sínum bestu möguleika á  
37 framúrskarandi menntun. Nauðsynlegt er að þjóðarsátt ríki um menntun. Tryggja  
38 verður fjármagn þannig að hérlandis sé rekið menntakerfi, allt frá leikskóla til  
39 háskóla, sem jafnast á við það besta í heiminum. Standa verður vörð um það að  
40 allir hafi jafnan aðgang að menntun, óháð efnahag og búsetu. Hækka þarf  
41 menntunarstig þjóðarinnar og til þess að svo geti orðið þarf að styrkja  
42 kennaramenntun og auka fjárfrelög til menntamála.

1 Leiðir

- 2 • Gjaldfrjálst nám til 18 ára aldurs.
- 3 • Skólaskylda hefst við 5 ára aldur.
- 4 • Skólaskylda verði til 18 ára í samræmi við sjálfræðisaldur.
- 5 • Framhaldsskóli sé ekki í meira en dagskóla fjarlægð frá lögheimili
- 6 nemanda.
- 7 • Sveitarfélögin taki yfir framhaldsskólastigið.
- 8 • Aukin samvinna verði milli allra skólastiga.
- 9 • Leitað verði fjölbreyttari leiða en núverandi samræmdra prófa við mat á
- 10 námi.
- 11 • Stórátak í að tengja íprótta-, tólmstunda- og æskulýðsmál skóladeginum.

12 Fyrstu skref

13 Ný námsmatstæki verði þróuð. Ríkið hefji viðræður við sveitarfélög um þátttöku  
14 og síðan yfirtöku sveitarfélaga á rekstri framhaldsskóla.

### 15 Drög að ályktun um leikskólastigið

16 Markmið

17 Leikskólinn er fyrsta skólastigið. Hann á að vera uppeldis- og menntastofnun þar  
18 sem börn þroskast og læra gegnum leik og starf. Leikskólar eiga að starfa með  
19 þarfir nemenda sinna og samfélagsins að leiðarljósi. Mikilvægt er að tryggja öllum  
20 börnum aðgang að gjaldfrjálsri dvöl í leikskólum.

21 Leiðir

- 22 • Gjaldfrjáls kennsla í leikskóla verði að veruleika í kjölfar viðræðna ríkis og
- 23 sveitarfélaga.
- 24 • Koma á aukinni samvinnu leikskólakennara og kennara í yngri deildum
- 25 grunnskóla.

26 Fyrstu skref

27 Ríkið hefji viðræður við sveitarfélög um gjaldfrjálsa leikskóla og settar verði skýrar  
28 reglur um hvernig samstarfi kennara milli skólastiga geti verið háttað.

### 29 Drög að ályktun um grunnskólastigið

30 Markmið

31 Á grunnskólaárum á sér stað mótun sem einstaklingurinn býr að alla ævi. Helsta  
32 markmið grunnskólans á að vera að þroska einstaklinga þannig að þeir öðlist  
33 góða sjálfsvitund og sterka samfélagsvitund. Auka þarf sveigjanleika  
34 grunnskólastigsins með einstaklingsmiðað nám að leiðarljósi þar sem hæfileikar  
35 hvers og eins fái notið sín. Kennslan skal mæta þörfum bæði innfæddra og  
36 aðfluttra Íslendinga. Tryggja þarf nemendum með annað móðurmál en íslensku,  
37 allt frá leikskóla, kennslu í íslensku og aðlögun að íslensku samfélagi.

38 Leiðir

- 39 • Efla skal vitund nemenda um daglegt líf í landinu með góðu samstarfi við
- 40 fyrirtæki, stofnanir, félagasamtök og einstaklinga.

- 1 • Nauðsynlegt er að auka markvisst samfélagsvitund ungmenna og efla
- 2 þekkingu þeirra á réttindum sínum og skyldum.
- 3 • Leitað verði fjölbreyttari leiða til námsmats en núverandi samræmdra
- 4 prófa.
- 5 • Nemendur eiga að fá fleiri tækifæri til að sækja tíma í þeim námsgreinum
- 6 sem henta þeim og hæfileikum þeirra best.
- 7 • Auka fjármagn til skóla svo þeir geti starfað án aðgreiningar.
- 8 • Efla íslenskukennslu markvisst þar sem tekið er tillit til aðstæðna
- 9 einstaklinga.
- 10 • Efla samstarf milli grunnskóla, íþróttafélaga, tónlistarskóla og annarra aðila
- 11 sem bjóða upp á tómstundastarf fyrir börn í nærumhverfi grunnskólanna.
- 12 • Samstarf grunnskóla við leik- og framhaldsskóla verði aukið.

### 13 Fyrstu skref

14 Ríki og sveitarfélög hefji viðræður um aukið fjármagn vegna einstaklingsmiðaðs  
15 náms og skóla án aðgreiningar. Endurskoðun hefjist á markmiðum, tilgangi og  
16 framkvæmd samræmdra prófa.

## 17 Drög að ályktun um framhaldsskólástigið

### 18 Markmið

19 Gera þarf framhaldsskólana aðlaðandi með auknum sveigjanleika og aukinni  
20 nærþjónustu við nemendur. Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að  
21 framhaldsskólanám sé aðgengilegt ungu fólki frá lögheimili sínu daglega. Ekki  
22 kemur til greina að innheimta skólagjöld í opinberum framhaldsskólum. Leggja  
23 þarf aukna áherslu á fjölbreytni framhaldsskólanna með sérstaka áherslu á  
24 iðnnám.

### 25 Leiðir

- 26 • Framhaldsskólum eða fjarkennslustöðvum frá þeim sem sinni öllum
- 27 byggðakjörnum verði komið á fót.
- 28 • Sérstök áhersla verði lögð á að auka framboð í starfs-, verk- og listnámi á
- 29 landsbyggðinni sem höfðar jafnt til beggja kynja og verði raunhæfur
- 30 valkostur fyrir alla.
- 31 • Koma á fót stærðfræðisetrum í samvinnu grunn- og framhaldsskóla.
- 32 • Auka samstarf framhaldsskóla og grunnskóla. Það á sérstaklega við á
- 33 landsbyggðinni þar sem fámenni kallar á aukna hagkvæmni í nýtingu
- 34 mannauðs, húsnæðis og ferða.
- 35 • Auka ber náms- og starfsfræðslu.
- 36 • Sporna gegn brottfalli úr framhaldsskólum.
- 37 • Sérstaklega þarf að styðja nemendur af erlendu uppruna.

### 38 Fyrstu skref

39 Ljúka þarf vinnu við háhraða nettengingar til að allir grunn- og  
40 framhaldsskólanemar eigi kost á því að nýta sér nútíma upplýsingatækni við  
41 nám. Gerð verði heildaráætlun um uppbyggingu framhaldsskólanáms og  
42 fjarkennslumiðstöðva.

## 1 Drög að ályktun um háskólaskólastigið

### 2 Markmið

3 Háskólamenntun á að vera driffjöður framþróunar og gegna lykilhlutverki í eflingu  
4 nýsköpunar og rannsókna. Háskólanám er lykillinn að samkeppnishæfni og  
5 framgangi Íslands á alþjóðlegum vettvangi. Framsóknarflokkurinn hefur staðið  
6 myndarlega að aukinni fjölbreytni og eflingu háskólastigsins og mun gera áfram.

### 7 Leiðir

- 8 • Auka námsframboð á háskólastigi.
- 9 • Auka möguleika til fjarnáms.
- 10 • Fjölga háskólasetrum.
- 11 • Styrkja samkeppnisstöðu fámennari háskóladeilda og séríslenskra greina.
- 12 • Stofna starfsmenntaháskóla.

### 13 Fyrstu skref

14 Auka rannsóknir í tengslum við atvinnulífið og auka nýsköpun á öllum sviðum  
15 atvinnulífsins.

## 16 Drög að ályktun um Lánasjóð íslenskra námsmanna

### 17 Markmið

18 Ísland á að vera stéttlaust þjóðfélag. Jöfn tækifæri allra landsmanna til náms er  
19 grundvallaratriði til að ná þessu markmiði. Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN)  
20 á að tryggja fjárhagslegt öryggi lánþega sinna á meðan námi stendur.  
21 Framsóknarflokkurinn mun því standa vörð um LÍN, efla hann og styrkja.

### 22 Leiðir

- 23 • Framfærslugrunnur námslána endurspegli raunverulega framfærsluþörf.
- 24 • Námslán verði tengd við samræmdan framfærslugrunn.
- 25 • Skólagjöld í grunnnámi erlendis verði láns hæf.
- 26 • Ef námi lýkur á tilskyldum tíma verði hluta námsláns breytt í styrk.
- 27 • Tekjutenging námslána verði afnumin.
- 28 • Þak á námslán verði afnumið eða hækkað.
- 29 • Auðvelda aðkomu nemenda sem eru að koma af vinnumarkaði inn í  
30 háskólana.
- 31 • Stuðla að breytingum sem auðvelda fólki að stunda hlutanám.

### 32 Fyrstu skref

33 Ráðist verði í að reikna út raunverulega framfærsluþörf. Lánþegi fái greitt út í  
34 samræmi við þann fjölda eininga sem hann lýkur og einingalágmark verði  
35 afnumið.

## 36 Drög að ályktun um fjármögnun háskólastigsins

### 37 Markmið

38 Samkeppnisstaða ríkisrekinna- og einkarekinna háskóla skal vera sambærileg og  
39 þannig staðinn vörður um jafnrétti til háskólanáms.

1 Leiðir

- 2 • Skráningargjaldi í grunn- og framhaldsnámi í ríkisreknum háskólum verði
- 3 haldið í lágmarki.
- 4 • Auka framboð á sí- og endurmenntunarnámskeiðum fyrir háskólamenntað
- 5 fólk sem er verðlagt að fullu.
- 6 • Reiknilíkan háskóla til ríkisreknu háskólanna verði í samræmi við það nám
- 7 sem boðið er upp á í hverjum skóla.
- 8 • Settar verði skýrar reglur um samninga milli ríkis og rekstraraðila
- 9 einkarekinna námsbrauta um stofnframlag ríkisins.
- 10 • Einkareknir skólar fái endurgreidda skatta af byggingaframkvæmdum eins
- 11 og ríkisreknir skólar.

12 Fyrstu skref

13 Skilgreindur verði, í samstarfi við háskólana, kostnaðargrunnur fyrir allt nám á

14 háskólastigi.

## 15 Drög að ályktun um símenntun

16 Markmið

17 Tryggja þarf öllum rétt til menntunar óháð efnahag og aðstæðum allt lífið.

18 Lykillinn að skilvirkum vinnumarkaði og háu atvinnustigi er menntun.

19 Leiðir

- 20 • Efla ber atvinnutengda menntun. Þörfum atvinnulífsins fyrir æðri
- 21 starfsmenntun verði fullnægt með öflugri uppbyggingu
- 22 starfsmenntaháskóla.
- 23 • Koma þarf á fót öflugri og fjölbreyttu námskerfi fyrir þann hóp sem ekki
- 24 hefur lokið stúdentsprófi en hefur áhuga á frekari menntun seinna á
- 25 lífsleiðinni.
- 26 • Efla þarf sérúrræði handa þeim sem eiga í erfiðleikum með lestur eða eiga
- 27 á annan hátt örðugt með nám.
- 28 • Í samvinnu við atvinnulífið þarf að viðhalda öflugri kerfi endurmenntunar
- 29 um allt land.
- 30 • Fullorðnum einstaklingum standi til boða náms- og starfsráðgjöf.
- 31 • Tryggja þarf innflytjendum kennslu í íslensku og fræðslu um íslenskt
- 32 samfélag.
- 33 • Sérstakt átak þarf til að auka og efla námsleiðir fyrir fólk sem þarf á
- 34 menntakerfinu að halda, t.d. vegna atvinnumissi eða örorku.
- 35 • Móta tillögur að kerfi starfshæfismats, þar sem fólk með nám erlendis frá
- 36 eða mikla starfsreynslu getur fengið starfshæfismat til réttinda.

37 Fyrstu skref

38 Sett verði heildarlöggjöf um fullorðinsfræðslu og starfsmenntaháskólum verði

39 komið á legg.

## 1 Drög að ályktun um menningarmál

### 2 Markmið

3 Fjölbreytt og skapandi menningarstarfsemi er dýrgripur hvernar þjóðar og á að  
4 standa öllum til boða. Framsóknarflokkurinn vill auka rannsóknir á íslenski  
5 menningu. Keppa ber að aukinni útrás íslenskrar menningarstarfsemi. Forsenda  
6 fjölbreyttrar og öflugrar menningarstarfsemi er opið og gegnsætt styrkjakerfi.  
7 Áfram verði rekið öflugt ríkisútvarp í eðlilegri samkeppni við aðra fjölmiðla.

### 8 Leiðir

- 9 • Auka ber rannsóknir á íslenski menningu og gildum hennar.
- 10 • Tryggja þarf rekstrargrundvöll menningarhúsa á landsbyggðinni.
- 11 • Lokið verði við gerð menningarsamninga við alla landshluta.
- 12 • Móta þarf stefnu um uppbyggingu í menningartengdri ferðaþjónustu og  
13 stefnu fyrir menningarstarfsemi í heild sinni.
- 14 • Ekki kemur til greina að selja RÚV í heild eða hluta.
- 15 • Safni RÚV verði búin viðunandi aðstaða.
- 16 • Endurgreiðslur framleiðslukostnaðar í kvikmyndgerð verði auknar enn  
17 frekar.
- 18 • Komið verði á fót námi í kvikmyndagerð á háskólastigi.

### 19 Fyrstu skref

20 Menntamálaráðuneyti hefji samningaviðræður við samtök sveitarfélaga í þeim  
21 landshlutum þar sem ekki eru í gildi menningarsamningar. Unnið verði markvisst  
22 að því að efla RÚV ohf.

## 23 Drög að ályktun um safnamál

### 24 Markmið

25 Á Íslandi verði fjögur (bæta við tæknisafni) höfuðsöfn í fremstu röð sambærilegra  
26 safna í Evrópu, hvort heldur sem litið er til söfnunar, miðlunar eða rannsókna.  
27 Smærri söfn, sér í lagi á landsbyggðinni, sinni síðan að fullu hlutverkum sínum eins  
28 og getið er um í safnalögum. Mikilvægt er að auka fé í safnasjóð og faglegt  
29 vægi hans.

### 30 Leiðir

- 31 • Hafist verði strax handa við byggingu nýs náttúruminjasafns.
- 32 • Smærri söfn sameinist um sérhæfðar geymslur og þjónustuhús eins og  
33 kostur er.
- 34 • Athugað verði hvort rétt sé að koma upp svæðissöfnum sem hafi hlutverk  
35 gagnvart höfuðsöfnum og smærri söfnum á sínu svæði.
- 36 • Menntamálaráðuneyti ásamt söfnum vinni áætlun í safnafræðslu.
- 37 • Allt það fé sem lagt er í safnastarf fari í gegn um safnasjóð.
- 38 • Fjölga sérhæfðu starfsfólki á söfnum, safnafræðingum og forvörðum.

### 39 Fyrstu skref

40 Gerð verði heildarúttekt á geymslumálum safna á Íslandi og niðurstöður þeirrar  
41 úttektar nýttar til stefnumótunar í uppbyggingu þjónustuhúsa.

## 1 Drög að ályktun um íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsmál

### 2 Markmið

3 Framsóknarflokkurinn boðar stórátak í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsmálum.  
4 Mikilvægi þessara málaflokka er gríðarlegt, t.d. hvað varðar lífsgæði, menntun,  
5 forvarnir, heilbrigði og byggðamál. Aukið framboð og aukin gæði eiga saman  
6 að stuðla að almennari iðkun. Tryggja þarf jafnan rétt allra til þátttöku.

### 7 Leiðir

- 8 • Gera þarf farglegar kröfur til þjálfara og leiðbeinenda.
- 9 • Ríkið komi að fjármögnun íþrótt- og æskulýðsstarfs og stuðli þannig að  
10 almennri iðkun og greiði að lágmarki bæði endurgjald vegna iðkunar og  
11 ferðakostnað.
- 12 • Komið verði á ferðasjóði er styrkir íþróttafélög til að fara á viðurkennd mót.
- 13 • Að ríkið beiti sér fyrir því í samvinnu við sveitarfélög að byggja upp aðstöðu  
14 fyrir hvers konar íþrótt- og tómstundaiðkun.
- 15 • Tryggja þarf samvinnu milli leiðbeinenda og forðast alla samkeppni milli  
16 ólíkra íþróttagreina og tómstundastarfa.
- 17 • Mynda þarf heildstæða stefnu um þessi málefni í samvinnu ríkis og  
18 sveitarfélaga.
- 19 • Koma skal á sérstökum félagsmálasjóði sem sveitarfélög geta sótt í  
20 fjármagn, í samræmi við þá starfsemi sem þau bjóða upp á í þessum  
21 málaflokkum. Félagsmálasjóðurinn stuðlar að jafnrétti til þátttöku,  
22 fjölbreyttu framboði, almennari þátttöku, auknum gæðum og aukinni  
23 samkeppnishæfni sveitarfélaga.
- 24 • Til að geta sótt í opinbera sjóði verði að leggja fram námskrá – lýsingu á  
25 því starfi sem fram fer – faglegum kröfum, mönnun, tryggingum o.fl.
- 26 • Sérstaklega þarf að vinna með markvissum hætti að því að fá börn og  
27 unglinga af erlendum uppruna til að taka virkan þátt í íþrótt- og / eða  
28 æskulýðsstarfi.

### 29 Fyrstu skref

30 Marka þarf stefnu og mynda regluverk um úthlutun úr félagsmálasjóði í samvinnu  
31 við samtök sveitarfélaga ásamt því að áætla árlega lágmarksfjárhæð sem  
32 rennur frá ríkinu til sjóðsins. Koma af stað markvissu námskeiðahaldi til handa þeim  
33 sem leiðbeina í íþrótt-, tómstunda- og æskulýðsstarfi.

## 34 Drög að ályktun um nýsköpun

### 35 Markmið

36 Að auka fjölbreytni atvinnulífs og bæta samkeppnisstöðu Íslands.

### 37 Leiðir

- 38 • Taka upp skattalega hvata til að styðja við fyrirtæki sem stunda rannsóknir,  
39 þróunarstarf og nýsköpun.
- 40 • Skattalegir hvatar til að dreifa áhættu fjárfesta sem koma snemma að  
41 nýsköpunarverkefnum.
- 42 • Auknir styrkir til Tækniþróunarsjóðs þannig að hægt sé að veita styrki ofar í  
43 virðiskeðjunni.



- 1 • Aðlaga reglur Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins að þörfum frumkvöðla.
- 2 • Efla tæknipróunarsjóð til að stuðla að fjölgun fyrirtækja sem stunda
- 3 nýsköpun.
- 4 • Háskólasamfélagið leggi auknar áherslur á nýsköpun og öflun einkaleyfa.
- 5 • Veita umbun fyrir að stofna sprotafyrirtæki á grundvelli rannsókna.
- 6 • Hlutverk opinberra rannsóknarstofnana taki meira mið af samstarfi við
- 7 háskóla og fyrirtæki.
- 8 • Auka samstarf milli fyrirtækja á tilteknum styrkleikasviðum til þess að skapa
- 9 samlegðaráhrif innan heildar sem ekki væri unnt að ná með samanlagðri
- 10 getu hvers og eins.
- 11 • Lögð verði aukin rækt við frumkvöðlafræðslu og fræðslu um stofnun og
- 12 rekstur nýrra fyrirtækja innan skólakerfisins.
- 13 • Að tryggja að Ísland sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir frumkvöðla og
- 14 vísindamenn.
- 15 • Hvetja til rannsókna sem geta leitt til einkaleyfa og nýsköpunar í
- 16 atvinnulífinu. Í þeim tilgangi verða m.a. sett ný lög um uppfinningar
- 17 starfsmanna.
- 18 • Vinna að uppbyggingu þekkingarþorps í Vatnsmýrinni.

#### 19 Fyrstu skref

20 Auka fjárveitingar til Tæknipróunarsjóðs og tryggja að hluta þeirra verði varið til  
21 verkefna ofar í virðiskeðjunni og höfði því meira til framtaksfjárfesta. Einnig verði  
22 fjárfestingar Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins færðar neðar svo fjárfestingarstefna  
23 hans nái til srotafyrirtækja sem Tæknipróunarsjóður sleppir hendi af.  
24 Fyrirtæki sem stunda markvissa nýsköpun geti dregið 125% af rannsókna- og  
25 þróunarkostnaði frá tekjuskattsstofni.  
26 Matskerfi samkeppnissjóðanna veiti sérstaka umbun fyrir rannsókna- og  
27 þróunarstarf fyrirtækja og háskóla hér á landi og ekki síður við erlenda aðila sem  
28 veitt geta aðgang að þekkingu og reynslu sem íslenskum fyrirtækjum stæði  
29 annars ekki til boða.  
30 Stofna til klasasamstarfs fyrirtækja um sameiginlegan ávinning, t.d. um vöruþróun  
31 eða útflutning og tengja opinberar rannsóknarstofnanir, háskóla, fjárfesta og fleiri  
32 inn í það samstarf eftir því sem við á.

### 33 Drög að ályktun um auðlindir Íslands

#### 34 Markmið

35 Að nýta auðlindir þjóðarinnar af varúð og virðingu og tryggja öllum  
36 landsmönnum arð af sameiginlegum auðlindum. Ísland verði sjálfbært í  
37 orkunýtingu.

#### 38 Leiðir

- 39 • Efla þekkingu á auðlindum og umhverfi þeirra.
- 40 • Tryggja stöðu auðlinda í þjóðareigu.
- 41 • Auðlindasjóður verði stofnaður og auðlindagjaldi komið á.
- 42 • Stuðla að betri nýtingu allra auðlinda þjóðarinnar.
- 43 • Landsvirkjun og dótturfyrirtæki hennar verði áfram í eigu ríkisins.

1 Fyrstu skref

2 Auka fjármagn til grunnrannsókna á auðlindum og náttúru landsins. Með því móti  
3 er hægt að taka ákvarðanir um nýtingu og verndun á grundvelli bestu fánlegra  
4 upplýsinga.

5 Að í stjórnarskrá standi: „Auðlindir landsins eru sameign íslensku þjóðarinnar“. Með  
6 auðlindum er átt við nytjastofna á Íslandsmiðum, auðlindir á, í eða undir  
7 hafsbotninum utan netalaga og náttúruauðlindir í þjóðlendum.

8 Alþingi setji lög um auðlindasjóð. Auðlindagjald renni í auðlindasjóð og það skuli  
9 greitt af öllum auðlindum í eigu eða forsjá ríkisins. Er meginhlutverk sjóðsins  
10 uppbygging, nýsköpun og framfarir í landinu öllu.

11 Leitast verður við að styrkja enn frekari rannsóknir á djúpborun og rannsóknir  
12 eflar til að leita leiða til betri nýtingar jarðvarma.

13 Hvatt verði til notkunar á farartækjum sem nýta innlendar orkulindir. Hvatarnir  
14 eiga að tengja gjöld af stofnkostnaði, árlegri notkun og eldsneytisnotkun við losun  
15 á koltvísýringi.

16 Rannsóknir eflar með því að leggja aukið fjármagn til rannsókna, þróunar og  
17 tilrauna á sviði vistvænna samgöngutækja.

18 Drög að ályktun um Ísland sem alþjóðlega fjármálamiðstöð

19 Markmið

20 Renna fleiri stoðum undir íslenskt efnahagslíf með aukinni fjármálastarfsemi.

21 Leiðir

- 22 • Á Íslandi verði alþjóðleg lífeyrismiðstöð.
- 23 • Samkeppnishæf skattlagning á fjármagnstekjur félaga.
- 24 • Takmörkuð skattskylda erlendra aðila hér á landi.
- 25 • Flutningur starfsemi til landsins verði auðveldaður.
- 26 • Samkeppnis- og fjármálaeftirlit verði eflt.

27 Fyrstu skref

28 Innleiða evrópsku lífeyristilskipunina. Með því að innleiða tilskipunina er hægt að  
29 markaðssetja íslenska lífeyrissjóðakerfið erlendis og opna þannig gríðarstóran  
30 lífeyrismarkað fyrir íslenska lífeyrissjóði.

31 Kanna möguleika á að veita skattskyldum félögum heimild til að reikna sér  
32 skattalegan frádrátt vegna vaxtatekna sem samsvarar allt að 90% frádrætti á  
33 móti slíkum tekjum. Fella niður skattskyldu á söluhagnað hlutabréfa í eigu íslenskra  
34 félaga.

35 Fallið verði frá skattlagningu á arðgreiðslum til skattskyldra félaga sem hafa  
36 aðsetur í landi innan EES eða í landi sem Ísland hefur gert tvísköttunarsamning við.  
37 Allar tekjur sem upprunnar eru erlendis verði skattlagðar hér á landi í almennu  
38 skattþrepi en þó eingöngu í hlutfalli við dvöl þeirra hér á landi.

39 Drög að ályktun um samkeppnis- og neytendamál

40 Markmið

41 Fákeppni á ýmsum sviðum kallar á aukið eftirlit með þeim fyrirtækjum sem í hlut  
42 eiga og veik staða neytenda gagnvart fyrirtækjum krefst aukinnar

1 neytendaverndar. Neytendur eiga að hafa aðgang að vörum og þjónustu á  
2 sanngjörnu verði, þannig að ljóst sé hvað verið er að kaupa, á hvaða verði og  
3 réttur neytandans gagnvart seljanda sé skýr og sterkur. Sérstaklega ber að  
4 vernda börn gagnvart markaðssetningu.

5 Leiðir

- 6 • Eftirlitsstofnanir ríkisins á sviðum neytenda- og samkeppnismála verði eflaðar  
7 þar sem styrkur þeirra og sjálfstæði geta skipt höfuðmáli.
- 8 • Neytendamálum á að gera hærra undir höfði í Stjórnarráðinu.
- 9 • Hið opinbera á áfram að láta fylgjast með verðlagningu í samvinnu við  
10 hagsmunasamtök og veita meira fé til þess.
- 11 • Eftirlit með ákvæðum laga um markaðssetningu og auglýsingar sé fylgt  
12 eftir af meiri krafti.
- 13 • Auka ber neytendafræðslu, t.d. á umhverfis- og sanngirnismarkingum (fair  
14 trade).
- 15 • Sett verði lög um innheimtustarfsemi sem tryggja að þóknun vegna  
16 innheimtuaðgerða keyri ekki úr hófi.
- 17 • Sett verði lög um greiðsluaðlögun.
- 18 • Fallið verði frá úreltum kröfum lánveitenda um ábyrgðarmenn  
19 fjárskuldbindinga.

20 Fyrstu skref

21 Verð- og vörumerkingaeftirlit verði aukið. Sett verði lög sem heimili hóp málsókn  
22 eins og í öðrum ríkjum Norðurlandanna og víðar.

## 23 Drög að ályktun um landbúnaðarmál

24 Markmið

25 Íslenskur landbúnaður á áfram að framleiða holl matvæli fyrir íslenska þjóð með  
26 hóflegum kostnaði og tryggja með því eftir föngum matvælaöryggi og  
27 fæðuöryggi þjóðarinnar. Eitt markmið landbúnaðarstefnunnar er að treysta  
28 búsetu á landsbyggðinni. Þá er landbúnaðarstefnunni ætlað að viðhalda  
29 mikilvægum hluta af menningararfleifi þjóðarinnar. Stuðningur við landbúnað á  
30 að taka mið af heildaryfirsýn yfir þessi markmið íslensks landbúnaðar.

31 Leiðir

- 32 • Fæðuöryggi þjóðarinnar ber að viðhalda m.a. með öflugum íslenskum  
33 landbúnaði sem er samkeppnishæfur bæði hvað varðar verð til  
34 neytandans og gæði afurðanna.
- 35 • Vinna skal að því með öllum tiltækum ráðum að hingað berist hvorki  
36 búfjársjúkdómar né matvæli sem ekki standast þær kröfur sem gerðar eru  
37 til íslenskrar framleiðslu.
- 38 • Ræktun og nýting landsins gæða sé sjálfbær.
- 39 • Tryggt verði, með hóflegum skilyrðum um búsetu og með auknum skyldum  
40 jarðareigenda gagnvart samfélaginu að bújarðir verði setnar og nýttar til  
41 verðmætasköpunar.
- 42 • Tollum á innfluttar búvörur verði beitt til aðhalds að verðlagningu íslenskra  
43 búvara. Jafnframt verði allar búvörur merktar upprunamerkingu þannig að  
44 neytandinn viti ætíð hvort hann kaupir íslenska vöru eða innflutta.

- 1 • Landbúnaðarmenntun, jafnt háskólanám, starfsmenntun og
- 2 endurmenntun verði eflað með hliðsjón af markmiðum landbúnaðarins.
- 3 • Tryggt verði áfram að landbúnaðarskólarnir verði skólar á háskólastigi og
- 4 framlög til þeirra aukin í samræmi við auknar kröfur og jafnframt unnið að
- 5 endurskipulagningu leiðbeiningaþjónustu, rannsóknarstarfsemi og
- 6 menntakerfis landbúnaðarins.
- 7 • Heimavinnsla afurða úr hráefnum landbúnaðarins verði eflað verulega m.a.
- 8 með því að endurvekja og viðhalda gömlum framleiðsluháttum og
- 9 verkþekkingu.
- 10 • Með áherslu á hreinleika, heilbrigði og hollustu ber að viðhalda því trausti
- 11 sem neytendur bera til innlendrar matvælaframleiðslu.

## 12 Fyrstu skref

- 13 Gerð verði ítarleg athugun á kostnaði íslenskra búvara frá haga til maga og allra
- 14 leiða leitað til að lækka sem flesta kostnaðarliði.
- 15 Unnið verði að því að einfalda og lágmarka kostnað bænda vegna eftirlits
- 16 opinberra aðila með starfsemi þeirra. Þannig ber að halda áfram
- 17 endurskipulagningu á fyrirkomulagi stjórnisýslu- og eftirlitsverkefna landbúnaðarins
- 18 og regluverk landbúnaðarins einfaldað eftir föngum með lækkun kostnaðar að
- 19 leiðarljósi.
- 20 Tollar á aðföng landbúnaðar verði endurskoðaðir með lækkun
- 21 framleiðslukostnaðar að markmiði.

## 22 Drög að ályktun um sjávarútveg

### 23 Markmið

- 24 Mikilvægt er að tryggja sátt um sjávarútveginn og jafna starfsskilyrði innan
- 25 greinarinnar og gagnvart öðrum atvinnugreinum. Ísland skal vera í fararbroddi
- 26 hvað varðar ábyrgð í umhverfismálum í sjávarútvegi. Að efla rannsóknir á vistkerfi
- 27 hafsins umhverfis landið og treysta þannig þann vísindalegan grunn sem nýtjar
- 28 hafsins verða að byggja á.

### 29 Leiðir

- 30 • Stórefla rannsóknir á lífríki sjávar.
- 31 • Tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna.
- 32 • Minnka losun gróðurhúsalofttegunda í sjávarútvegi.
- 33 • Tryggja að samræmi sé í skattlagningu mismunandi atvinnugreina.
- 34 • Að gerðar séu sambærilegar eftirlitskröfur til sjávarútvegs og til annarra
- 35 atvinnugreina.
- 36 • Tryggja að opinbert eftirlit sé skilvirkt og íþyngi ekki greininni að óþörfu.
- 37 • Tryggja að innan sjávarútvegs séu starfsskilyrði jöfn.
- 38 • Hafrannsóknastofnun skal vera sjálfstæð stofnun.
- 39 • Fjármagn til rannsókna skal stóráukið, jafnt með beinum framlögum sem
- 40 og auknu fjármagni í samkeppnissjóði.
- 41 • Rannsóknir á áhrifum einstakra veiðarfæra á lífríki hafsins verði eflaðar.
- 42 • Hafrannsóknastofnun skal auðveldað að bjóða út einstök
- 43 rannsóknaverkefni að hluta eða í heild eftir því sem þurfa þykir.
- 44 • Heimilt verði áfram að veiða hvali.

1 Fyrstu skref

2 Tekjum af veiðigjaldi/auðlindagjaldi sé varið til uppbyggingar á þeim svæðum  
3 sem hafa orðið fyrir tekju- og atvinnumissi vegna umbreytinga í sjávarútvegi Auka  
4 fjárframlög til Hafrannsóknastofnunar og í rannsóknasjóði. Vinna skal langtíma  
5 stefnumótun í haf- og fiskirannsóknunum undir forystu Hafrannsóknastofnunar í  
6 samvinnu við aðrar rannsóknastofnanir og háskóla, með þátttöku allra  
7 hagsmunaaðila.  
8 Auka þarf strax framlög í samkeppnissjóði á borð við AVS og Rannís sem  
9 eyrnamerkt verða verkefnum á sviði haf- og fiskirannsókna í samræmi við  
10 langtíma stefnumótun. Endurskoða hvernig hámarksafli er ákveðinn og hvernig  
11 þess er gætt að raunafli sé samræmi við aflamark.

12 **Drög að ályktun um skattamál einstaklinga**

13 Markmið

14 Skattlagning á einstaklinga hefur þann tilgang að afla tekna til sameiginlegra  
15 verkefna samfélagsins. Halda skal skattheimtu á einstaklinga í hófi og telur  
16 Framsóknarflokkurinn sanngjarnt að þær tekjur sem þarf til lágmarksframfærslu  
17 hvers og eins séu ekki skattlagðar. Neyslusköttum á nauðsynjavörum á að stilla í  
18 hof og skattur af öðrum vörum og þjónustu sé sanngjarn.

19 Leiðir

- 20 • Einfalda skattkerfið og auka eftirlit með undanskotum.
- 21 • Skilgreina lágmarksframfærslu miðað við aðstöðu hvers einstaklings og  
22 miða frítekjumark við að ekki sé greiddur skattur af þeirri fjárhæð.
- 23 • Kannaðir verði kostir þess að taka upp einstaklingsmiðaðan persónuafslátt  
24 og fella inn í hann bætur vegna húsnæðis, barna, örorku og annarra  
25 aðstæðna. Jafnframt verði kannaðir kostir þess að færa tekjujöfnun  
26 skattkerfisins meira inn í tekjuskattkerfið.
- 27 • Draga úr jaðarsköttum.
- 28 • Afnema skal stimpilgjöld.

29 Fyrstu skref

30 Afnema stimpilgjöld nú þegar. Unninn verði vandaður framfærslugrunnur sem  
31 notaður verði til grundvallar þegar ákveðið verði frítekjumark.

## 1 Hópur 3: Félags- og heilbrigðismál

### 2 Drög að ályktun um málefni barna og unglinga

#### 3 Markmið

4 Framsóknarflokkurinn leggur ríka áherslu á að málefnum barna, unglinga og  
5 fjölskyldna verði skipaður sérstakur sess innan Stjórnarráðs Íslands.

#### 6 Leiðir

- 7 • Sett verði á fót sérstök skrifstofa barna- og fjölskyldumála. Skrifstofan vinni  
8 að innleiðingu nýrrar heildstæðrar forvarnarstefnu sem þegar hefur verið  
9 unnið að.
- 10 • Sérstök áhersla verði lögð á forvarnir og samþættingu á sviði  
11 barnaverarmála og þróun nýrra úrræða utan meðferðarstofnana.
- 12 • Mótuð verði sérstök stefna í málefnum unglinga eins og gert hefur verið í  
13 nágrannalöndum okkar og nú síðast í Finnlandi þar sem sett hefur verið  
14 sérstök löggjöf um æskulýðsmál.
- 15 • Stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins styrki sveigjanleika á vinnumarkaði  
16 og jafnvægi á milli vinnu og fjölskyldulífs og að það verði gert í þríhliða  
17 samstarfi hins opinbera við aðila vinnumarkaðarins.

#### 18 Fyrstu skref

19 Hafnar verði viðræður við aðila vinnumarkaðarins með það að markmiði að ná  
20 betra jafnvægi á milli vinnu og fjölskyldulífs. Innan stjórnarráðsins verði sett á stofn  
21 skrifstofa barna og fjölskyldumála.

### 22 Drög að ályktun um barnaverndarmál

#### 23 Markmið

24 Framsóknarflokkurinn telur að endurskoða beri barnaverndarmál í heild sinni í takt  
25 við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Horft skal til nágrannaþjóða okkar  
26 varðandi útfærslu og framkvæmd þessara mála og úrlausnir þeirra nýttar til að  
27 umbóta á íslenski löggjöf er varðar börn og barnavernd.

#### 28 Leiðir

- 29 • Hagsmunir barna skulu vera í fyrirrúmi í allri ákvarðanatöku og framkvæmd  
30 barnaverndarmála.
- 31 • Skoðaðir verði kostir þess að meðferð úrskurðarmála verði á hendi einnar  
32 eða fárra stofnanna á vegum ríkisins til að tryggja samræmda meðferð  
33 vegna þyngstu barnaverndarmála.
- 34 • Tryggja skal að fagaðilar komi ávallt að ákvarðanatöku í úrlausnum og  
35 framkvæmd barnaverndarmála.
- 36 • Eftirlit með barnaverndarmálum skal vera fullkomlega aðskilið frá  
37 framkvæmdaraðilum barnaverndarmála og skal stefnt að stofnun  
38 sérstækrar eftirlitsstofnunar í barnaverndarmálum á Íslandi.
- 39 • Stefnt skal að endurskoðun upptökusvæða barnaverndarmála á Íslandi  
40 og skilgreina hlutverk ríkis og sveitarfélaga með tilliti til stofnunar eins  
41 barnaverndaryfirvalds.

1 Fyrstu skref

2 Endurskoða skal lög og reglur um barnaverndarmál í heild sinni á næsta  
3 kjörtímabili og skal sérstaklega horft til nágrannaþjóðanna, einkum  
4 Norðurlandanna, ennfremur skal gera stöðumat á starfsemi barnaverndarmála á  
5 Íslandi með hagsmuni barna að leiðarljósi.

6 **Drög að ályktun um almanna- og sjúkratryggingamál**

7 Markmið

8 Samhjálpin er einn af hornsteinum íslensks samfélags. Hún byggist á þeirri  
9 grundvallarhugsun að allir landsmenn eigi sameiginlegt almanna- og  
10 sjúkratryggingakerfi sem tryggi mönnum lágmarksframfærslu ef heilsufar eða  
11 aðstæður hamla einstaklingum eða fjölskyldum tekjuöflun.

12 Leiðir.

- 13 • Áhersla verði lögð á að tryggja sérstaklega hag þeirra öryrkja, fatlaðra og  
14 aldraðra sem lægstur tekjur hafa.
- 15 • Almennatryggingakerfið verði endurskoðað og einfaldað og sérstaklega  
16 verði skoðað samspil þess við skattkerfið og lífeyrissjóðina. Könnuð verði  
17 hagkvæmni þess að fela lífeyrissjóðunum eða sveitarfélögum að sjá um  
18 greiðslu elli- og örorkulífeyris almennatrygginga.
- 19 • Frekar verði horft til þess hvað fólk getur, en þess sem það getur ekki þegar  
20 örorka er skilgreind.
- 21 • Tekjutengingar opinberra framlaga og stuðnings við einstaklinga og hópa  
22 eru eitt af þeim úrræðum sem hið opinbera hefur til þess að beina aðstoð  
23 samfélagsins til þeirra sem mest þurfa á henni að halda. Gengið hefur verið  
24 of langt í beitingu þessa úrræðis og ber að draga úr tekjutengingu bóta  
25 örorku- og ellilífeyrisþega.
- 26 • Auka skal möguleika aldraðra og öryrkja til þess að afla sér tekna án  
27 skerðinga með því að hækka frítekjumark atvinnutekna.
- 28 • Frítekjumark skal setja á greiðslur úr lífeyrissjóðum.
- 29 • Langveikum skal gert kleift að takast á við veikindi sín við mannsæmandi  
30 aðstæður með fjárhagslegum og félagslegum stuðningi.
- 31 • Áfram skal unnið að réttindum langveikra barna og foreldra þeirra,  
32 sérstaklega þarf að auka veikindarétt foreldra langveikra barna.
- 33 • Efla skal starfs- og endurhæfingarúrræði fólks sem er á endurhæfingar- og  
34 örorkulífeyri og þarf aðstoð til bættra lífskjara og til að komast út á  
35 vinnumarkaðinn. Endurhæfingin þarf að ná til félagslegra, andlegra,  
36 líkamlegra og fjárhagslegra þátta.
- 37 • Þátttaka hins opinbera í ferðakostnaði sjúklinga verði aukin enn frekar til  
38 að koma í veg fyrir mismunun í aðgengi að heilbrigðisþjónustu vegna  
39 búsetu.
- 40 • Heyrnarskertum verði séð fyrir nauðsynlegum hjálpartækjum og áttak gert í  
41 túlkþjónustu og textun.

- 1 Fyrstu skref  
2 Skipa nefnd sem mun skoða velferðarkerfið í framtíðinni miðað við aðstæður  
3 framtíðarinnar, s.s. aukin eftirspurn almannatryggingabóta sem leiðir af fjölgun  
4 aldraðra, kröfur um meiri lífsgæði, fækkun þegna á vinnualdri o.fl.

## 5 Drög að ályktun um lífeyri, bætur og lágmarksframfærslu

- 6 Markmið  
7 Hver einstaklingur á að safna sér lífeyri í gegnum lífeyrissjóði, sem styrktir eru með  
8 skattaívilnunum, en samtrygging á að vera sem mest í gegnum sameiginlega  
9 sjóði.  
10 Það er skylda samfélagsins að tryggja öllum þegnum viðundandi framfærslu,  
11 sama hvaða áföllum þeir hafa orðið fyrir. Kerfið á að vera einfalt og sanngjarnt  
12 og byggja á sameiginlegum skilningi á því hver lágmarksframfærsla er hverju  
13 sinni.  
14 Leiðir
- 15 • Sameina á bótakerfið og skattkerfið í gegnum persónuafsláttinn eins og
  - 16 kostur er.
  - 17 • Tryggja að allir landsmenn búi við sambærileg lífeyrisréttindi og afnema
  - 18 sérréttindi alþingismanna.
  - 19 • Fara þarf í sértækar aðgerðir gagnvart þeim hópi aldraðra sem er
  - 20 eignalítill og hafði ekki kost á því að safna í lífeyrissjóði.
  - 21 • Við skattlagningu lífeyrisgreiðslna á að taka tillit til þess að hluti þeirra eru
  - 22 fjármagnstekjur.

- 23 Fyrstu skref  
24 Stjórnvöld og lífeyrissjóðir taki sameiginlega á þeim tímabundna vanda sem þeir  
25 sem komu seint inn í lífeyrissjóðakerfið horfast í augu við. Leiðrétta ber þá  
26 tvísköttun sem eldra fyrirkomulag skattheimtu af greiðslum í lífeyrissjóði hefur í för  
27 með sér.

## 28 Drög að ályktun um málefni fatlaðra

- 29 Markmið  
30 Allir þegnar þjóðfélagsins njóti jafnræðis, óháð félagslegri, líkamlegri eða andlegri  
31 fötlun.  
32 Leiðir
- 33 • Vinna þarf markvisst að yfirflutningi málefna fatlaðra frá ríki til
  - 34 sveitarfélaga. Tryggja þarf réttindagæslu fatlaðs fólks í hverju sveitarfélagi
  - 35 með því að setja á fót umboðsmann fatlaðra sem ber ábyrgð á því að
  - 36 sveitarfélög sinni þeirri þjónustu sem þeim ber auk þess að vera til staðar í
  - 37 sértækum málum.
  - 38 • Efla þarf þekkingu almennings og vinna markvisst að viðhorfsbreytingu í
  - 39 samfélaginu á málefnum fatlaðs fólks.
  - 40 • Efla þarf skólakerfið til þess að öll fötluð börn eigi kost á því að feta þann
  - 41 menntaveg sem þau og aðstandendur þeirra kjósa. Sérstaklega þarf að
  - 42 taka á málefnum blindra daufblindra barna.



- 1 • Efla skólakerfið þannig að skóli án aðgreiningar verði að veruleika.
- 2 • Efla þarf þjónustu við fatlað fólk með nýja hugmyndafræði félagslegra
- 3 sjónarhorna að leiðarljósi. Fatlaðir einstaklingar geti átt persónulegan
- 4 talsmann.
- 5 • Efla þarf faglega þekkingu og færni starfsfólks sem starfar í þjónustu við
- 6 fatlað fólk.
- 7 • Veita fötluðu fólki raunverulegt val varðandi fjölbreytileg búsetu- og
- 8 þjónustuúrræði.
- 9 • Endurskipuleggja ferðaþjónustu fatlaðra.
- 10 • Vinna markvisst að því að hvetja fatlað fólk til að hasla sér völl með aukinni
- 11 menntun og þátttöku í atvinnulífinu. Byggja upp fjölbreytt úrræði sem gefa
- 12 öllum val allt frá dagþjónustu til þátttöku á almennum vinnumarkaði.

### 13 Fyrstu skref

14 Breyta tryggingarkerfinu þannig að ekki komi til skerðinga á tekjum frá  
15 Tryggingastofnun þrátt fyrir atvinnuþátttöku fyrr en eftir tiltekinn reynslutíma.  
16 Útvíkka jafnréttishugtakið þannig að jafn réttur fatlaðs fólks sé tryggður með þeim  
17 lögum.

## 18 Drög að ályktun um jafnréttismál

### 19 Markmið

20 Tryggja þarf jafnan rétt kvenna og karla á öllum sviðum samfélagsins. Að  
21 einstaklinga eigi jafnan möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika  
22 sína óháð kynferði.

### 23 Leiðir

- 24 • Aðilar vinnumarkaðarins og hið opinbera taki höndum saman um að
- 25 útrýma kynbundnum launamun.
- 26 • Atvinnulífið og hið opinbera beiti sér fyrir aðgerðum til að jafna hlut kvenna
- 27 í stjórnunarstörfum.
- 28 • Mikilvægi jafnréttis kynjanna verði áréttað meðal yngstu kynslóða
- 29 þjóðarinnar, m.a. með það að markmiði að stuðla að jöfnum rétti og jafnri
- 30 stöðu kynjanna á vinnumarkaði.
- 31 • Að áfram verði unnið að því að jafna hlut kvenna og karla í stjórnámálum.
- 32 • Unnið verði að því með markvissum hætti að fjölga konum í
- 33 stjórnunarstöðum í samfélaginu.
- 34 • Að tryggt verði jafnrétti í mönnun nefnda, ráða og stjórna á vegum ríkis og
- 35 sveitarfélaga.
- 36 • Vinna gegn kynbundnum vinnumarkaði m.a. með því að efla náms- og
- 37 starfsfræðslu í skólum.
- 38 • Unnið verði áfram að jafnvægi milli atvinnulífs og fjölskyldulífs.
- 39 • Hið opinbera, ríki og sveitarfélög beiti sér fyrir aukinni jafnréttisfræðslu í leik-
- 40 grunn- og framhaldsskólum.
- 41 • Hið opinbera, ríki og sveitarfélög beiti sér fyrir aðgerðum til að sporna gegn
- 42 kynbundnu ofbeldi.
- 43 • Tryggja þarf jafna aðkomu kynjanna að fjölmiðlum.

1 Fyrstu skref

2 Lengja fæðingarorlof í 12 mánuði. Ná hið fyrsta fram sáttmála aðila  
3 vinnumarkaðar og opinberra aðila um aðgerðir gegn kynbundnum launamun.  
4 Hraðað verði endurskoðun á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og  
5 karla. Samþætta nú þegar jafnréttis- og kynjasjónarmið í daglegu starfi allra  
6 ráðuneyta. Fylgt verði eftir aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um ofbeldi gegn  
7 konum og börnum. Unnið verði að gerð fræðsluefnis um jafnréttismál fyrir leik-,  
8 grunn- og framhaldsskóla.

9 **Drög að ályktun um forvarnir**

10 Markmið

11 Öflugasta forvörnin er sterk og jákvæð sjálfsmynd barna og unglinga,  
12 samskiptahæfni og siðferðiskennd.  
13 Nauðsynlegt er að hefta með öllum ráðum innflutning og dreifingu á fíkniefnum.  
14 Efla þarf forvarnir á öllum stigum skólastarfs.

15 Leiðir

- 16 • Móta heildræna stefnu um forvarnir.
- 17 • Skýra þarf lagaumhverfi er varðar áfengisauðglýsingar til að hægt sé að  
18 sækja þá til saka er auglýsa áfengi.
- 19 • Nauðsynlegt er að kortleggja allt forvarnarstarf í landinu til þess að leggja  
20 mat á gæði starfsins.
- 21 • Auka þarf löggæslu og tollaeftirlit. Leggja ber áherslu á fjölbreytt  
22 meðferðarúrræði, sérstaklega skal leggja áherslu á aukin og sérhæfð  
23 úrræði fyrir aldurshópin 18-25 ára.

24 Fyrstu skref

25 Áhættuhópar vegna fíkniefnaneyslu verði skilgreindir í samstarfi foreldra og  
26 fagaðila og þeim veittur sérstakur stuðningur og aðhald innan skóla-, heilbrigðis-  
27 og félagsmálakerfisins.

28 **Drög að ályktun um húsnæðismál**

29 Markmið

30 Allir landsmenn skuli búa við öryggi í húsnæðismálum og hafa raunverulegt val  
31 um búsetuform. Tryggt skal að allir landsmenn hafi aðgang að hagkvæmasta  
32 lánsfjármagni hverju sinni til þess að koma sér upp hóflegu húsnæði óháð  
33 búsetuformi.

34 Leiðir

- 35 • Raunveruleg samkeppni í íbúðalánum verði viðhaldið með áframhaldandi  
36 tilvist opinberrar lánastofnunar sem starfi við hlið banka og sparisjóða á  
37 íbúðalánamarkaði og tryggi lánveitingar til allra landsmanna óháð búsetu  
38 og efnahag.
- 39 • Áfram verði tryggt jafnræði í lánveitingum opinberrar lánastofnunar til  
40 mismunandi búsetuforma hvort sem um er að ræða vegna eigin eigið  
41 húsnæðis, búseturéttarhúsnæðis eða leiguhúsnæðis.

- 1 • Sett verði á fót ný fjármögnunarleið fyrir ungt fólk sem byggir á frjálsum  
2 sparnaði og opinberu stofnframlagi sem geti jafnt nýst til innborgunar við  
3 kaup á íbúð eða til kaupa á búseturétti.  
4 • Sérstakt átak verði gert í uppbyggingu þjónustuíbúða og hjúkrunaríbúða  
5 aldraðra.  
6 • Tryggja skal eðlilegar húsnæðisbætur til þeirra sem minna mega sín óháð  
7 búsetuformi.

8 Fyrstu skref

9 Afnumdar verði tafarlaust takmarkanir íbúðalána íbúðalánasjóðs við  
10 brunabótamat og lánsfjárhæðir taki mið af raunverulegu verði hóflegra íbúða.  
11 Sett verði á stofnframlög tengd sparnaði til fyrstu kaupenda og búsetustuðningur  
12 til þeirra sem minna mega sín. Íbúðalánasjóði verði veitt eðlilegt svigrúm til að  
13 afla hagkvæmasta lánsfjármagns til íbúðalána hverju sinni með eða án  
14 ríkisábyrgðar eftir atvikum.

## 15 Drög að ályktun um heilbrigðisstofnanir

16 Markmið

17 Á Íslandi eiga allir að hafa aðgengi að fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem völ er  
18 á til verndar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði á sem hagkvæmastan  
19 hátt.

20 Leiðir

- 21 • Styrkja ber enn frekar uppbyggingu hátækni sjúkrahúsanna. Mikilvægt er  
22 að lögð sé áhersla að fylgja eftir áætlunum um uppbyggingu  
23 Landsspítala-háskólasjúkrahúss.  
24 • Lyfjaverði verði náð niður með markvissum aðgerðum.  
25 • Unnið verði áfram að sameiningu heilbrigðisstofnana um land allt með  
26 það að markmiði að styrkja þjónustuna í héraði og gera stofnunum kleift  
27 að takast á við ný verkefni.  
28 • Efla skal heilsugæsluna enn frekar sem grundvöll heilbrigðisþjónustu í  
29 landinu.  
30 • Auka þarf faglegt eftirlit með þjónustu og hagkvæmni heilbrigðisþjónustu.  
31 • Komið verði upp rafrænni sjúkraskrá og rafrænu gæðakerfi í  
32 heilbrigðiskerfinu sem eykur gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og  
33 leiðir til hagræðingar.  
34 • Tannlækningar barna og unglunga verði þeim að kostnaðarlausu.

35 Fyrstu skref

36 Samþykkið ber ný lög um heilbrigðisþjónustu sem hafa það að markmiði að  
37 tryggja rétt sjúklinga til bestu mögulegrar heilbrigðisþjónustu sem tók eru á að  
38 veita á hverjum tíma.

## 39 Drög að ályktun um öldrunarmál

40 Markmið

41 Eitt stærsta viðfangsefni heilbrigðisþjónustunnar í framtíðinni helgast af hækkandi  
42 meðalaldri þjóðarinnar og fjölgun aldraðra sem krefjast mun sértækra úrræða.

1 Eldri borgarar eru fjölbreyttur hópur fólks sem býr við fjölbreyttar aðstæður og  
2 hefur ólíkar þarfir og væntingar. Þeir eiga að hafa tækifæri til þess að fá sem  
3 mestu ráðið um málefni sem varða þeirra eigin aðstæður og umhverfi.

#### 4 Leiðir

- 5 • Auka ber heimahjúkrun í heilsugæslunni til þess að aldraðir geti búið heima  
6 sem lengst, með áherslu á kvöld-, nætur- og helgarþjónustu. Jafnframt  
7 þarf að stórefla félagslega heimþjónustu hjá sveitarfélögum.
- 8 • Auka ber framboð á dagvistarrýmum og hvíldarrýmum.
- 9 • Gera stórátak í því að bjóða upp á fjölbreytt búsetuúrræði fyrir aldraða til  
10 að mæta ólíkum þörfum fólks með tilliti til efnahagslegra-, félagslegra- og  
11 heilsufarslegra aðstæðna.
- 12 • Mikilvægt er að uppbygging búsetu aldraðra verði með þeim hætti að  
13 stutt sé í alla þjónustu.
- 14 • Fylgja skal eftir settri áætlun um uppbyggingu hjúkrunarheimila þar sem  
15 þörfin er mest og að áhersla verði lögð á að byggð séu lítil fjölbyli einungis  
16 með einstaklingsrymum. Endurbyggja skal fyrirliggjandi hjúkrunarrými  
17 þannig að um allt land verði fjölbylum breytt í einbyli.
- 18 • Mikilvægt er að vistunarmat fyrir hjúkrunarrými tryggji sem best forgang  
19 þeirra sjúklinga að rýmum sem eru í mestri þörf fyrir stofnanavist.
- 20 • Mikilvægt er að leggja áherslu á að bæta úrræði fyrir aldraða með  
21 geðsjúkdóma og fyrir minnissjúka aldraða.

#### 22 Fyrstu skref

23 Að vinna markvisst að því að útrýma fjölbylum á öldrunarstofnunum og tryggja  
24 sólarhrings heimahjúkrun sem víðast um landið.

## 25 Drög að ályktun um lýðheilsu

#### 26 Markmið

27 Leggja skal áherslu á að auka meðvitund og ábyrgð almennings á eigin heilsu  
28 og að bregðast við þeim hættum sem fylgja nútíma lífnaðarháttum. Efla skal  
29 fræðslu og hvatningu til heilbrigðra lífshátta. Þá ber að efla og auka forvarnir  
30 vegna notkunar tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.  
31 Sporna verður við afleiðingum þunglyndis, offitu, hreyfingarleysis, streitu og kvíða.

#### 32 Leiðir

- 33 • Auka fræðslu meðal almennings um mataræði, hreyfingu og bættu  
34 lífshætti.
- 35 • Hollt mataræði er einn af undirstöðupáttum góðrar heilsu. Til þess þarf að  
36 auka fræðslu og sjá til þess að það framboð á hollu og fjölbreyttu fæði sé í  
37 boði í skólum, á vinnustöðum, heilbrigðisstofnunum, dvalar- og  
38 hjúkrunarheimilum.
- 39 • Rannsóknir hafa sýnt að dagleg og regluleg hreyfing skiptir miklu máli fyrir  
40 andlega og líkamlega heilsu. Mikilvægt er að ríki og sveitafélög vinni  
41 skipulega að auknum og fjölbreyttum möguleikum fólks til aukinnar og  
42 reglulegrar hreyfingar. Þá er mikilvægt að fólki standi einnig til boða  
43 hreyfiseðill, sem er tilvísun um aukna hreyfingu, til viðbótar annarri  
44 sjúkdómsmeðferð.

- 1 • Mikilvægt er að nýbakaðir foreldrar séu fræddir um heppilegar  
2 uppeldisaðferðir í gegnum ung- og smábarnavernd.  
3 • Leggja skal áherslu á að fræða börn og unglinga um mikilvægi  
4 heilsusamlegra lífshátta í gegnum heilsugæslu og skóla. Vinna skal að  
5 aðgerðaráætlun með því markmiði að efla heilsu barna og unglinga.  
6 • Efla skal forvarnir vegna tóbaks, áfengis og annarra vímuefna með aukinni  
7 fræðslu til barna, unglinga, foreldra og annarra sem koma að starfi með  
8 börnum og unglíngum.  
9 • Áfram verði unnið að áfengis- og vímuefnum. Efla skal  
10 göngudeildarúrræði í meðferð vegna áfengisfíknar eins og gert hefur verið  
11 í nágrannalöndum með góðum árangri. Þá þarf að skoða  
12 meðferðarúrræði vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu á heildstæðan hátt  
13 með sérstakri áherslu á ungmenni.

14 Fyrstu skref

15 Endurskoða lög um Lýðheilsustöð með það að leiðarljósi að styrkja hana enn  
16 frekar. Að lýðheilsustöð vinni aðgerðaráætlun að fræðslu um holla lífshætti.

## 17 Drög að ályktun um geðheilbrigði

18 Markmið

19 Leggja skal aukna áherslu á geðrækt. Veita á geðfötlunum og aðstandendum  
20 þeirra tækifæri til að hafa áhrif á mótun og þróun þjónustunnar. Veita á  
21 geðfötlunum tækifæri til að taka sem mestan þátt í samfélaginu.

22 Leiðir

- 23 • Efla ber enn frekar þjónustu við geðfatlaða, fyrst og fremst með aukinni  
24 þjónustu utan stofnana en einnig með fjölgun stofnanaúrræða.  
25 • Hlut heilsugæslunnar í geðheilbrigðisþjónustu ber að efla um allt land með  
26 þverfaglegri nálgun, sálfræðinga, iðjupjálfa og félagsráðgjafa svo dæmi  
27 séu nefnd.  
28 • Efla ber þjónustu við aldraða geðsjúka með aukningu á sértækum  
29 úrræðum fyrir þá.  
30 • Efla skal Barna- og unglíngageðdeild Landspítala-háskólasjúkrahúss svo að  
31 hún sé í stakk búin til að sinna veikustu börnunum sem skjótast.

32 Fyrstu skref

33 Efla geðrækt og efla hlut heilsugæslunnar í geðheilbrigðisþjónustunni.

## 34 Drög að ályktun um heilbrigðisþjónustu til sveitafélaga

35 Markmið

36 Tryggja ber að allir landsmenn eigi aðgang að heilbrigðis- og félagslegri þjónustu  
37 í sínu heimahéraði.

38 Leiðir

- 39 • Mikilvægt er að samþætta heilbrigðis- og félagslega þjónustu við  
40 landsmenn til að þjónustan nýtist sem best.

- 1 • Flytja skal heilsugæslu, heilbrigðisstofnanir aðrar en Landspítala-
- 2 háskólasjúkrahús og Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, öldrunarþjónustu og
- 3 málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga þannig að öll nærþjónusta verði á
- 4 höndum sveitarfélaganna.

5 Fyrstu skref

- 6 Skipa nefnd til þess að skoða hvernig hagkvæmast er að flytja
- 7 heilbrigðisstofnanir, öldrunarþjónustu og málefni fatlaðra frá ríki til sveitafélaga,
- 8 með samsvarandi tekjustofnum.

1 Hópur 4: Utanríkis- og umhverfismál

2 Drög að ályktun um loftslagsmál

3 Markmið

4 Loftslagsmál eru alþjóðlegur málaflokkur sem allar þjóðir heims verða að takast á  
5 við. Sameinuðu þjóðirnar eru eini vettvangurinn þar sem hægt er að ná fram  
6 raunverulegum skuldbindingum. Ísland á með hinum Norðurlöndunum að beita  
7 sér fyrir því að farið verði í aðgerðir sem stöðva aukningu gróðurhúsalofttegunda.  
8 Ísland á að uppfylla allar þær skuldbindingar sem á það er lagt.

9 Leiðir

- 10 • Ekki verði farið fram úr þeim losunarkvóta sem þjóðinni var úthlutaður með  
11 Kyoto bókuninni nema að fyrirtæki komi sjálf með viðbótarkvóta á mótí  
12 framúrkeyrslunni.
- 13 • Taka virkan þátt í loftslagsstarfi Sameinuðu þjóðanna og  
14 Norðurskautsráðsins.
- 15 • Að minnka útblástursmengun frá bílaflotanum um 50% á 10 árum.
- 16 • Ísland beiti sér fyrir því að loftmengunarsáttmáli  
17 alþjóðasiglingamálastofnunarinnar, IMO, verði staðfestur.
- 18 • Losunarheimildir Íslands gangi inn í Auðlindasjóð og verði með þær farið  
19 eins og aðrar auðlindir í þjóðareigu.

20 Fyrstu skref

21 Ríki og sveitarfélög hefji viðræður um leiðir til að gera almenningsamgöngur að  
22 raunhæfum valkosti með afnámi gjaldtöku og útvíkkun þjónustusvæða.  
23 Bílnotendum verði beint á braut vistvænna orkugjafa með hagrænum hvötum.  
24 Skattlagning vistvænna ökutækja verði hverfandi.  
25 Hefja gjaldtöku af nýrri losun gróðurhúsalofttegunda.  
26 Áfram verði haldið á braut vetnisvæðingar.

27 Drög að ályktun um mengun hafsins

28 Markmið

29 Hreinn sjór sem grundvöllur að hreinum og ómengduðum sjávarafurðum er eitt  
30 mikilvægasta hagsmunamál Íslendinga í umhverfismálum og eitt þeirra  
31 umhverfismála sem alþjóðasamfélagið verður að taka á enda virðir mengun  
32 sjávar engin landamæri.  
33 Ísland er forysturíki í baráttunni gegn mengun sjávar og á að halda þeirri stöðu  
34 sinni.

35 Leiðir

- 36 • Ísland haldi uppi öflugum þrýstingi á alþjóðavettvangi til að draga úr og  
37 koma í veg fyrir geislaþengingun sjávar.
- 38 • Áfram verði barist gegn mengun vegna þrávirkra lífrænna efna enda er  
39 lífríki kaldari hluta jarðarinnar sérstaklega viðkvæmt gagnvart þeirri  
40 mengun.
- 41 • Bús væði sjávarbotnsins verði rannsókuð og kortlögð.

1 Fyrstu skref

2 Ísland á að hafa frumkvæði að stofnun sjávarmengunarstofnunar Sameinuðu  
3 þjóðanna sem myndi leiða gerð heildarúttektar á ástandi hafsvæða um allan  
4 heim. Sú stofnun verði staðsett á Ísafirði.

## 5 Drög að ályktun um náttúruvernd

6 Markmið

7 Virðing fyrir náttúrunni hefur verið grundvallarstef í stefnu Framsóknarflokksins frá  
8 stofnun hans. Umgengni um náttúruna verður ávallt að vera í anda meginreglna  
9 umhverfisréttar um samþættingu, fyrirbyggjandi aðgerðir, lausn við upptök,  
10 varúðarregluna og mengunarbótaregluna.

11 Leiðir

- 12 • Nauðsynlegt er að halda áfram á braut skipulegrar náttúruverndar og  
13 taka heildstætt á öllu landinu. Gerð verði grein fyrir þeim svæðum sem  
14 þegar eru vernduð og þau komi inn í mat á verndargildi þeirra svæða  
15 sem næst verða tekin fyrir.
- 16 • Gerð verði áætlun um verndun og nýtingu allra dýrategunda landsins á  
17 grundvelli heildarrannsókna á lífríkinu.
- 18 • Haldið verði áfram að byggja myndarlega upp þjóðgarða.
- 19 • Gert verði átak í að koma á skýrum reglum um utanvegaakstur og  
20 viðurlögum við þeim. Svæðisskipulag miðhálandisins verði endurskoðað og  
21 skilgreint hvaða vegi og slóða má fara.

22 Fyrstu skref

23 Kortleggja og safna upplýsingum sem til eru um náttúru Íslands. Fara skipulega í  
24 greiningu og rannsóknir á vistkerfum, búsvæðum og stofni allra tegunda í flóru og  
25 fánu landsins sem skapar nýjan grunn að öllu náttúruverndarstarfi í landinu.

26 Farið verði skipulega yfir náttúruvætti landsins, þau skrásett og verndargildi þeirra  
27 metið á faglegan hátt í samstarfi við heimamenn á hverjum stað.

28 Vatnajökulspjóðgarður verði að veruleika fyrir lok kjörtímabilsins og nái einnig yfir  
29 svæðin norðan Vatnajökuls. Framsóknarflokkurinn leggur mikla áherslu á að  
30 Jökulsá á Fjöllum verði algerlega friðuð frá upptökum til sjávar.

## 31 Drög að ályktun um refa- og minkaveiði

32 Markmið

33 Tryggja fjármagn til refa- og minkaeyðingar á landinu.

34 Leiðir

- 35 • Ríkið taki alfarið við ábyrgð og kostnaði við eyðingu minka.
- 36 • Ríkið auki kostnaðarþátttöku sína við refaveiðar eða hlutdeild þeirra fari  
37 a.m.k. ekki niður fyrir 50% af heildarkostnaði.
- 38 • Að sveitarfélög fái virðisaukaskatt af refa- og minkaveiðum  
39 endurgreiddan.



1 Fyrstu skref  
2 Kanna kostnað einstakra sveitarfélaga við refa- og minkaeyðingar og koma með  
3 tillögur að fjármögnun og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

#### 4 Drög að ályktun um skipulagsmál

5 Markmið  
6 Gagnsæ og skýr stefnumörkun hins opinbera er forsenda þess að einstaklingar  
7 og fyrirtæki geti skipulagt athafnir sínar. Skipulagning landnotkunar og  
8 landsgæða skulu vera í anda sjálfbærrar þróunar.

9 Leiðir

- 10 • Áætlanir um nýtingu lands, skiptingu gæða, skipulagningu þjónustu og  
11 stefnumótun á vegum hins opinbera, eins og byggðaáætlun, stefnumótun  
12 sjálfbærrar þróunar, náttúruverndaráætlun, orkuáætlun, heilbrigðisáætlun  
13 og fleiri eiga að miða að sama marki.

14 Fyrstu skref

15 Áætlanir á vegum hins opinbera verða samþættar í einni Landsáætlun, sem taki  
16 á snertiflötum og skilgreiningum á hugtökum hinna mismunandi áætlana sem þó  
17 eiga að halda sjálfstæði sínu.

#### 18 Drög að ályktun um endurnýtingu og endurvinnslu

19 Markmið

20 Auðlindir jarðarinnar eru takmarkaðar og ber því að endurnýta vörur eins mikið  
21 og kostur er og endurvinna það sem ekki er hægt að endurnýta. Urðun er  
22 sóunarlausn sem ber að útrýma.

23 Leiðir

- 24 • Beita ber hagrænum hvötum til að auka endurnýtingu og endurvinnslu  
25 þar sem þeim verður við komið.

26 Fyrstu skref

27 Íbúum þéttbýlissvæða verði gert kleift að flokka allt sorp og greitt verði fyrir  
28 endurnýtanlegan úrgang. Gera þarf björgunarsveitum og öðrum frjálsum  
29 félagasamtökum mögulegt að nýta söfnun endurnýtanlegs úrgangs sem  
30 fjáröflunarleið.

#### 31 Drög að ályktun um ferðaþjónustu

32 Markmið

33 Landið allt verði kynnt til eflingar ferðaþjónustu þar sem náttúra, mannlíf og  
34 menning gegna lykilhlutverki. Ímynd landsins byggji á hreinleika, öryggi og fegurð  
35 landsins.

36

37 Náttúra landsins er auðlind sem m.a. er hægt að nýta til hámarka arðsemi  
38 ferðaþjónustunnar.

1 Nýsköpun og fagmennska í ferðaþjónustu tryggji arðsemi allt árið, enda byggji  
2 ferðaþjónustan á sterkri ímynd, gæðum, þekkingu og traustum innviðum.  
3 Ferðaþjónustufyrirtæki eiga að búa við heilbrigða samkeppni og samkeppnishæf  
4 rekstrarskilyrði.

5 Leiðir

- 6 • Mótuð verði landnýtingarstefna fyrir ferðaþjónustuna. Markmið þeirrar  
7 stefnu er að skilgreina þau svæði sem ferðaþjónustan getur nýtt til  
8 framtíðar. Slík stefna er forsenda fjárfestinga í markaðssetningu og  
9 uppbyggingu innviða sem mega ekki eiga á hættu að svæðin verði tekin  
10 til annarra nota fyrirvaralaust.
- 11 • Þjóðgarða og önnur verndarsvæði ber að efla. Lögð er áhersla á  
12 skynsamlega nýtingu einkum með uppbyggingu ferðaþjónustu.

13 Fyrstu skref

- 14 • Stækka ber friðlönd og auka verndarstig þeirra. Sveitarfélögum verði falið  
15 það verkefni að annast upplýsingagjöf til ferðamanna, samhliða annarri  
16 kynningu á starfsemi. Átak verði gert í vörubróunar- og markaðsmálum  
17 utan háannatíma.

## 18 Drög að ályktun um utanríkismál

19 Markmið

20 Meginmarkmið íslenskrar utanríkisstefnu er að gæta hagsmuna lands og þjóðar  
21 og veita öflugt fyrirvar gagnvart öðrum ríkjum.

22 Nú sem fyrr standa auðlindir þjóðarinnar undir velferð hennar, hvort sem er á sviði  
23 náttúrulegra auðlinda eða þeirra auðlinda sem fólgnar eru í hugviti fólksins í  
24 landinu. Mikilvægt er að staðinn sé vörður um óskorað forræði yfir náttúrulegum  
25 auðlindum landsins og eftirliti með grannsvæðum.

26 Fríverslun og aðgangur að mörkuðum er viðskiptaþjóð eins og Íslandi lífsnauðsyn.  
27 Því er það forgangsmál að Íslandi njóti ávallt bestu kjara í viðskiptum við aðrar  
28 þjóðir.

29 Leiðir

- 30 • Að tryggðir verði framtíðarhagsmunir þjóðarinnar í Evrópusamstarfi, bæði  
31 með samstarfi við Evrópusambandið innan EES og við hin EFTA ríkin.
- 32 • Öryggis- og varnarmál landsins hvíli fyrst og fremst á eigin frumkvæði  
33 ásamt öflugum alþjóðlegu samstarfi, og þá sérstaklega tvíhliða  
34 varnarsamningnum við Bandaríkin, aðild Íslands að  
35 Atlantshafsbandalaginu og auknu samstarfi við næstu grannríki.
- 36 • Aukin verði frekar þáttur þróunarsamvinnu og borgaralegrar friðargæslu í  
37 íslenskum utanríkismálum og Ísland axli þannig pólitískar og siðferðilegar  
38 skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna.
- 39 • Aukin verði áhersla á starf innan Sameinuðu þjóðanna og framboð Íslands  
40 til öryggisráðsins.
- 41 • Auðlinda- og loftslagsmál fái viðeigandi í vægi í utanríkisstefnu Íslands.
- 42 • Norrænt samstarf og grannsvæðasamstarf skipi sem fyrr mikilvægan sess í  
43 utanríkisstefnu landsins.

- 1 • Doha viðræður Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar verði gangsettar að nýju
- 2 og leiði til niðurstöðu sem fyrst.
- 3 • Áfram verði haldið á þeirri braut að Ísland og/eða EFTA nái
- 4 fráverzlunarsamningum og öðrum hagkvæmum samningum við sem flest
- 5 ríki.
- 6 • Færeyjar fái fulla aðild að Norðurlandaráði.

7 Fyrstu skref

8 Íslensk utanríkisstefna á að einkennast af metnaði og hafa hugsjónir  
9 mannréttinda, frelsis og lýðræðis að leiðarljósi. Í því ljósi ber að halda áfram  
10 eflingu utanríkisþjónustunnar, jafnframt því sem gætt verði ýtrustu ráðdeildar þ.a.  
11 skattfé borgaranna nýtist sem best.

## 12 Drög að ályktun um Evrópumál

13 Markmið

14 Samskipti Íslendinga við Evrópusambandið byggjast á samningnum um evrópska  
15 efnahagssvæðið. Þegar Íslendingar hafa náð langvarandi jafnvægi og  
16 varanlegum stöðugleika í efnahagsmálum, geta þeir tekið ákvarðanir sínar í  
17 styrkleika og í samræmi við sinn eigin þjóðarmetnað, sem frjáls þjóð.

18 Leiðir

- 19 • Nauðsynlegt er að Stjórnarskrá Íslands verði aðlöguð nýjum veruleika í
- 20 Evrópu- og alþjóðasamstarfi, m.a. til þess að tryggja að þátttaka Íslands í
- 21 því sé hafin yfir allan vafa í nútíð og framtíð.
- 22 • Framsóknarflokkurinn lýsir sérstakri ánægju með störf Evrópunefndar
- 23 flokksins. Framsóknarflokkurinn er eini stjórnmalaflokkurinn á Íslandi sem
- 24 unnið hefur að skilgreiningu samningsmarkmiða fyrir Íslands hönd, ef til
- 25 aðildarviðræðna við Evrópusambandið kæmi.

26 Fyrstu skref

27 Til að tryggja framtíðarhagsmuni þjóðarinnar er mikilvægt að stöðugt sé unnið að  
28 stefnumótun og markmiðasetningu Íslands í Evrópusamstarfi.

## 29 Drög að ályktun um öryggis- og varnarmál

30 Markmið

31 Stefna Íslands í öryggis- og varnarmálum hefur löngum hvílt á tveimur  
32 meginstöðum – aðild að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfi við  
33 Bandaríkin. Báðar eru þessar stöðir traustar.

34 Sameiginlegt gildismat ásamt hugsjónum lýðræðis og mannréttinda mynda  
35 þriðju stöð öryggis- og varnarmála.

36 Smárikja eiga helst allra ríkja hag sinn í því að mæla fyrir í orði og á borði að  
37 alþjóðalög séu virt og þjóðir leysi sín deilumál friðsamlega. Eins eru það hagsmunir  
38 smárikja að stuðla að aljóðlegri samvinnu til þess að mæta umræddum ógnum  
39 sem virða hvorki landamæri né leikreglur alþjóðakerfisins.

1 Leiðir

- 2 • Aukið samstarf við nágrannþjóðir við Norður-Atlantshaf er mikilvægt við  
3 eftirlit á friðartímum, m.a. vegna aukinnar efnavinnslu og flutninga á  
4 norðurslóðum.  
5 • Stöðugt verði fylgst með þeim ógnum sem hugsanlega steðja að þjóðinni  
6 frá öfgahópum og skipulagðri glæpastarfsemi.  
7 • Tryggja að vörnum landsins sé hagað sem best má vera og muni jafnframt  
8 stuðla að því að sem viðtækust sátt skapist um fyrirkomulag þeirra.  
9 • Ísland mun taka þátt í varnarsamstarfi við aðrar þjóðir á jafnréttisgrundvelli  
10 og mun nú sem endranær vinna að því að tryggja öryggi eigin borgara  
11 og auka öryggi grannþjóða og annarra ríkja á grundvelli mannréttinda og  
12 lýðræðis.  
13 • Koma skal á samráðsvettvangi stjórnmalaflokkanna um öryggis- og  
14 varnarmál og skoðaðar leiðir til að stofna öryggis- og utanríkismálasetur.

15 Fyrstu skref

16 Efla þátttöku Íslands á vettvangi Atlantshafsbandalagsins og annarra stofnana er  
17 fjalla um öryggis- og varnarmál. Ljúka viðræðum um aukið samstarf við  
18 grannþjóðir við norðanvert Atlantshaf. Ljúka viðræðum við Bandaríkjamenn um  
19 framtíðarrekstur á íslenska ratsjár- og loftvarnarkerfinu. Mikilvægt er að finna  
20 samráði íslenskra stjórnmalaflokka um öryggis- og varnarmál farveg hið fyrsta.

21 **Drög að ályktun um stuðning Íslands við innrásina í Írak**

22 Ákvörðunin um stuðning Íslands við aðgerðir og innrás í Írak var byggð á röngum  
23 upplýsingum og var því röng. Af þeim mistökum ber að læra.  
24 Allar ákvarðanir stjórnvalda eiga að hvíla á grunni fyrirmyndarvinnubragða og  
25 eins vandaðs undirbúnings og tilefni, tími og aðstæður leyfa. Að auki ber  
26 ákvarðanir um öryggismál og alþjóðaverkefni að taka eftir samráð við lögmætar  
27 stofnanir eins og utanríkismálanefnd Alþingis.  
28 Þingið hvetur til þess að staðið verði við þær skuldbindingar sem Íslendingar hafa  
29 tekið á sig til enduruppbyggingar og neyðarhjálpur í hinu stríðshrjáða landi.

30 **Drög að ályktun um þróunarmál**

31 Markmið

32 Ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna ber að taka þátt í þróunarsamvinnu og axla  
33 með því pólitískar og siðferðilegar skyldur sínar. Opinber þróunaraðstoð sem  
34 hlutfall af vergri landsframléiðslu skal hækka í 0,35% árið 2009 miðað við 0,19%  
35 árið 2004. Mikilvægt er að þar verði ekki látið staðar numið heldur skal aukið við  
36 aðstoðina í áföngum þar til markmiði Sameinuðu þjóðanna um að 0,7% af vergri  
37 þjóðarframléiðslu renni til þróunarsamvinnu er náð. Stefnt skal að því að ná þessu  
38 marki eigi síðar en árið 2015.

39 Leiðir

- 40 • Skerpa þarf áherslur og markmið þróunarsamvinnunnar. Mikilvægt er að  
41 kröftum sé ekki dreift of mikið, heldur marki sér vettvang innan ákveðinna  
42 sviða, þar sem unnið er markvisst jafnt á tvíhliða sem og fjölþjóða  
43 grundvelli. Efla þarf samstarf við frjáls félagasamtök.

- 1 • Nauðsynlegt er að einfalda og efla stofnanalegt fyrirkomulag  
2 þróunarsamvinnu Íslendinga til að samhæfa betur störf á tvihliða og  
3 fjölþjóðlegum grundvelli.  
4 • Stjórnvöld stuðli að enn frekari fjárfestingum og eflingu einkaframtaks í  
5 þróunarlöndum, m.a. með tengslum við alþjóðlánastofnanir.

6 Fyrstu skref

7 Ljúka þarf endurskoðun á lögum og skipulagi þróunarsamvinnu sem fyrst og efla  
8 samráð og samstarf við félagasamtök og fyrirtæki. Stjórnvöld eiga að stuðla að  
9 fræðslu og vitundavakningu um þróunarsamvinnu og neyðarhjálp.

## 10 Drög að ályktun um friðargæslu

11 Markmið

12 Mikilvægt er að efla enn frekar íslenskt friðargæslustarf og eiga verkefni hennar  
13 einkum að felast í aðkomu borgaralegra sérfræðinga að uppbyggingu  
14 stríðshrjáðra samfélaga. Markmiðið á að vera að koma í veg fyrir átök eða að  
15 koma á varanlegum friði, ásamt mannúðar- og neyðaraðstoð við flóttafólk og  
16 fórnarlömb átaka eða náttúruhamfara.

17 Leiðir

- 18 • Þátttaka friðargæslunnar í friðaraðgerðum Atlantshafsbandalagsins verði  
19 aukin með framlagi borgaralegra sérfræðinga.  
20 • Kannað verði hvernig efla megi þátttöku friðargæslunnar í  
21 öryggisaðgerðum ESB.  
22 • Aukin verði þátttaka í stofnunum Sameinuðu þjóðanna, líkt og Barnahjálpi  
23 S.Þ. (UNICEF) og Þróunarsjóði fyrir konur (UNIFEM).  
24 • Konur og karlar gegni störfum í friðgæslu til jafns.

25 Fyrstu skref

26 Velja verkefni þar sem sérþekking Íslendinga kemur hvað best að gagni. Þá  
27 þegar verði kynjahlutföll í friðargæslustörfum jafnað.